



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. janúar 2006 – 8. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Félagslegt hlutverk sjóðsins verði tryggt

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna leggja allir á það áherslu að félagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs verði tryggt ef á honum verði gerðar róttækar breytingar. Þeir eru þó allir tilbúnir að skoða hugmyndir um heildsölubanka.

**STJÓRN MÁL** Formenn stjórnarandstöðuflokkanna leggja á það mikla áherslu að félagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs verði tryggt ef ákveðið verður að ráðast í róttækar breytingar á starfsemi hans, en Árni Magnússon félagsmálaráðherra hyggst skipa nefnd sem fjalla mun um þá hugmynd að breyta sjóðnum í heildsölubanka.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, telur nauðsynlegt að íbúar á landsbyggðinni njóti sömu lánskjara og íbúar á höfuðborgarsvæðinu og vill að það verði helsta markmið hugsanlegra breytinga á Íbúðalánasjóði. „Við

teljum að það sé full þörf fyrir öflugan opinberan íbúðalánasjóð sem sinni félagslegum hlutverkum vel og tryggji öllu fólki sambærilegan aðgang að grunnfjármögnun húsnaedis alls staðar á landinu. Við höfum því allan fyrirvara á um að gera róttækar breytingar á hlutverki sjóðsins.“

Í sama streng tekur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, en hún segir hugmyndina um heildsölubanka, það er banka sem láni fé til viðskiptabankanna sem síðan láni áfram til viðskiptavina sinna, hafa borið á góma. „Ég held að það sé ekki tímabært að taka afstöðu til

þessarar hugmyndar fyrr en gerð hefur verið grein fyrir því með hvaða hætti eigi að sjá fyrir hinum félagslega þætti Íbúðalánasjóðs í þessu kerfi.“

Ingibjörg segir það mikilvægt í þessu máli að nefndin sem fjalli um hugsanlegar breytingar á Íbúðalánasjóði sé skipuð fólki úr öllum stjórnmálaflokkum. „Ég tel það algjört lyklatríði að nefndin sem um þessi mál fjalli verði þverpólítísk. Það er ótækt að gera ekki ráð fyrir aðkomu þingmanna, því þeir eru hinir lýðræðislegu kjörnu fulltrúar fólksins í landinu sem eiga að taka ákvarðanir um þessi mál.“



HEIMSATHYGLI Frá blaðamannafundi á Hadsassah-sjúkrahúsinu í Ísrael þar sem Ariel Sharon, forsætisráðherra landsins, liggur á milli heims og helju. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Forsætisráðherra Ísraels: Vakinn í dag

**ÍSRAEL, AP** Læknar segjast ætla að reyna að vekja Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, úr dái í dag. Forsætisráðherrann hefur legið þungt haldinn á sjúkrahúsi síðan hann fékk alvarlegt heilablóðfall á miðvikudag í síðustu viku. Hann hefur gengið undir tvær skurðaðgerðir og hefur verið haldið sofandi með aðstoð lyfja til þess að draga úr bjúgi í höfði hans. Er ástand hans sagt stöðugt, þó hann sé enn í lífshættu. Læknar hans ætla sér að athuga skemmdirnar sem orðið hafa á heila hans eftir að hann vaknar.

Einn af læknum Sharons hefur sagt það útilokað að Sharon verði fær um að taka við starfi sínu á ný, jafnvel þó hann nái heilsu. Varaforsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, hefur tekið við stjórn landsins.

## Flugmálastjórn BNA: Geimferðalög gerð örugg

**FERDAMÁL** Hryðjuverkamenn verða ekki velkomnir í geimnum ef ný tillaga Bandarísku flugmálastjórnarinnar að reglugerð um farþegageimferðir verður að veruleika, að því er fram kemur á fréttavef BBC.

Stofnunin leggur til að gerðar verði öryggisráðstafanir áþekkar þeim sem tíðkast í hefðbundnu farþegaflugi. Geimferðalögum verði gert að gangast undir málmeit og í skutlunni verði þeim kennt viðbrögð við hugsanlegum neyðaraðstæðum. Heilsufar farþega verði hins vegar á þeirra eigin ábyrgð. ■

## Breytt lög í Póllandi: Þingmaður tekinn fullur

**PÓLLAND, AP** Pólskur þingmaður og fyrrverandi þjálfari pólska landsliðsins í knattspyrnu var stöðvaður aðfaranótt sunnudags í Varsjá grunaður um að aka undir áhrifum áfengis. Janusz Wojcik var færður í blóðprufu og reyndist grunurinn á rökum reistur, samkvæmt upplýsingum pólsku lögreglunnar.

Þetta er í fyrsta sinn sem þingmaður er tekinn fyrir ölvunarakstur eftir að ný lög tóku gildi í Póllandi í desember, en hingað til hafa þingmenn, dómárar og saksóknarar mátt neita lögreglu um blóðprufuna.

Wojcik getur átt von á þungri sekt vegna athæfis síns. ■

### Magnaðir tónleikar

Náttúruverndarsinnar héldu risatónleika í Laugardalshöll á laugardaginn. Björk Guðmundsdóttir var ein af stjörnum tónleikanna.

FÓLK 23

### Græðgi

„Græðgi er athyglisbrestur. Hún er það hugarástand að vera ekki með hugann við líf sitt,“ segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14

### Ein samfelld samningalota

Kjartan Jóhannsson er nú hættur sem sendiherra og er fluttur heim.


TÍMAMÓT 16

### Gunnlaugur nýr fyrirliði

Teitur Þórðarson, þjálfari knattspyrnuliðs KR, hefur gert varnarmanninn Gunnlaug Jónsson að fyrirliða liðsins í stað Kristjáns Finnbogasonar sem gegnt hefur hlutverkinu undanfarin ár.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG



**SUBVESTAN KALDI** eða strekkingur og rigning um landið sunnan- og vestanvert en þurr norðan og austanlands. Hiti 0-4 stig en kólnar í kvöld.

VEDUR 4



VEL HEPPNAÐ NÝÁRSSUNDMÓT Mikið var um dýrðir í Laugardalslauginni í gær þegar árlegt Nýársundmót fatlaðra barna og unglinga fór fram og voru áhorfendapallar þétt setnir. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var þar engin undantekning og hvatti hann hina ungu sundmenn til dáða. Það var Hulda Agnarsdóttir úr sundfélaginu Fírói sem vann mesta afrek mótsins með frammistöðu sinni í 50 metra baksundi. Hlaut hún að launum hinn veglega Sjómannabikar eins og hefðin segir til um.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vetrarfrost og fjögurra metra djúpur snjór í Japan:

## 63 látnir og margir slasaðir

**JAPAN, AP** Gríðarleg snjókoma í Japan síðustu daga og vikur hefur sett þjóðfélagið í lamasess, en tæplega fjögurra metra djúpur snjór hefur fallið í norður- og vesturhluta landsins. Að minnsta kosti 63 manns hafa látist vegna snjóanna og yfir 1.000 manns hafa slasast.

Flest hafa slysin orðið við snjómokstur, en fjölmargir hafa fallið ofan af húspökum sínum við tilraun til að hreinsa snjóinn af þeim. Þá létust tvær konur í síðustu viku þegar hús þeirra hrundi undan snjópunganum.

Japanski herinn sendi út 149 hersveitir í gær til að aðstoða fólk við snjómokstur og umferð hefur



legið niðri víðs vegar um landið vegna vetrarveðursins. Jafnframt hafa lestarferðir legið niðri eða verið seinkað og hið sama á við um flugumferð í norðvesturhluta Japans.

Fimbulvetur hefur ríkt víða í Japan síðan í desember og segir veðurstofa Japans að meiri snjór muni falla næstu daga á vesturströnd landsins. Þá hefur veðurstofan varað við snjóflóðum.

- smk

**SNJÓR** Japanskur póstrúðarmaður ekur mótörhjól um Tsunan í Norður-Japan, þar sem 3,7 metrar af snjó hafa fallið síðustu daga og vikur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LESTUR MEÐAL 25-45 ÁRA

### Húsnaedisleitinn hefst í Fréttablaðinu

31%



Fréttablaðið

Allt-fasteignir á mánuðegi

16%



Mbl.

Fasteignablað Morgunblaðsins

\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.



## SPURNING DAGSINS

Pórður, liggur straumurinn nú í aðra átt?

„Straumurinn liggur í rétta átt.“

Straumur - Burðarás hefur ákveðið að selja 25 prósentu hlut í Íslandsbanka. Pórður Már Jóhannesson er forstjóri Straums.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í Húnaþingi vestra:

# Fagnar komu nýrra starfa

**BYGGÐAMÁL** Ákveðið hefur verið að flytja starfsemi Fæðingarorlofssjóðs frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnumálastofnunar. Um leið munu höfuðstöðvar sjóðsins flytjast frá Reykjavík norður í Húnavatnssýslur. Þjónustusamningi við Tryggingastofnun hefur þegar verið sagt upp.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í Húnaþingi vestra, segir það vera fagnaðarefni að opinber störf séu færð út á landsbyggðina. „Ég fagna þessu sem áfanga í því að flytja opinber störf út á land þegar þess er kostur. Ég verð ánægður með þessa ráðstöfun þegar þetta kemur til framkvæmda.“

Ekki hefur enn verið ákveðið hvar í Húnavatnssýslum Fæðingarorlofssjóður verður en endanleg ákvörðun verður tekin um það á næstu misserum.

Þessar breytingar þýða að tólf til fjórtán störf munu flytjast norður með sjóðnum en nýr þjónustusamningur við Vinnumálastofnun tekur gildi um næstu áramót. Störf eru öll sérfræði- og skrifstofustörf. - mh

**FRÁ HVAMMSTANGA** Ekki hefur enn verið ákveðið hvar starfsemi Fæðingarorlofssjóðs verður en Hvammstangi er einn þeirra staða sem til greina koma.



Ástraliskur baðstrandargestur:

## Lést eftir árás þriggja hákarla

**ÁSTRALÍA** Áströlsk kona lést í gær eftir árás hákarla við baðströnd nálægt Brisbane. Fram kemur á fréttavef BBC að konan hafi verið á sundi ásamt vinum sínum um fimmtán metra frá landi þegar á hana var ráðist.

Hún hlaut mikla áverka og missti meðal annars báða handleggji fyrir meðan olnboga.

Lögregla telur að þrjú nauthafar hafi verið að verki og er víðtæk leit hafin að sökudólgunum. Árásin átti sér stað hjá bænum Amity Point, sem er samnefndur sögusviði kvikmyndarinnar Jaws. ■



**UMFERÐARSLYS** Fjórir hjólréiðamenn létust í Wales í gær þegar ökumaður bíls missti stjórn á honum á ísilögðum vegi og ók inn í hóp hjólréiðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekið á tólf hjólréiðamenn:

## Fjórir farast

**BRETLAND** Fjórir hjólréiðamenn létust í umferðarslysi við ísi lagða hraðbraut í norðurhluta Wales í gær, samkvæmt fréttastofu breska ríkisútvarpsins, BBC. Slysið varð þegar ökumaður missti stjórn á bíl sínum á hálum veginum og ók inn í hóp tólf hjólréiðamanna.

Sá yngsti hinna látnu var fjórtán ára drengur en sá elsti var á sjötugsaldri. Faðir unglingsins fótbrotnaði en hinir hjólréiðamennirnir, fjórir fullorðnir og þrjú börn, sluppu ómeiddir.

Ökumaður bílsins slasaðist lítillega, en lögreglan sagði hann hafa orðið fyrir miklu áfalli. - smk

## TADSIKISTAN

**Börn farast í eldi** Þrettán börn fórust í eldsvoða sem varð á heimili fyrir andlega og líkamlega fötluð börn í Tadsjikistan á sunnudag. Nágrönnum og slökkviliðsmönnum tókst að bjarga öðrum börnum heimilisins, sem hósti um 100 börn.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Árekstur og hraðakstur** Árekstur varð seinnipartinn í gær á móti Njarðarbrautar og Stekks í Keflavík. Engin slys urðu á fólki en bílarnir skemmdust töluvert og þurfti að fjarlægja annan þeirra með dráttarfréið.

**Bílvelta** Bíll valt á Hellisheiði um tvöleitið í gær. Bílstjórninn var einn í bílnum og slasaðist ekki. Bíllinn var hins vegar mikið skemmdur og þurfti að fjarlægja hann með kranabíl.

**Árekstur á Kringlumýrabraut** Harður árekstur var á gatnamótum Kringlumýrabrautar og Borgartúns í gærkvöld. Tveir bílar skemmdust mikið og þurfti að kalla til sjúkrahúls og tækjabíl slökkviliðsins til þess að klippa ökumanninn út úr annari bírfreiðinni.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosid að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.



**ÁNÆGÐIR MEÐ VIÐSKIPTIN** Guðmundur Ólason, starfsmaður Milestone, Karl Wernersson, stærsti einstaki eigandi Íslandsbanka, og Bjarni Ármannsson forstjóri voru kátir eftir að gengið hafði verið frá sölu Straums - Burðarás í bankanum í gærkvöldi.

# Skýrari blokkir eftir Íslandsbankasöluna

Sala Straums til FL Group, Páttar og fleiri aðila skýrir línur í eignarhaldi stærstu bankanna. Þrjár meginviðskiptablokkir eru með stærstu viðskiptabankana í miðju sinni. Viðskiptin marka skil í átökum sem verið hafa í eigendahópi bankans.

**VIÐSKIPTI** Með sölu Straums á fjórðungshlut í Íslandsbanka sem undirrituð var í gærkvöldi lýkur enn einum kaflanum í hræringum innan hluthafahóps bankans.

Eftir viðskiptin mynda Milestone, sem lýtur forystu Karls Wernerssonar, Baugur og FL Group kjölfestu í bankanum með tæplega fjórutíu prósentu hlut. Meðal þeirra sem keyptu hlut af Straumi eru Engeyjarbræður, Einar og Benedikt Sveinssynir, sem hafa verið í hluthafahópi bankans, og Jón Snorrason sem setið hefur í bankaráðinu. Einar Sveinsson er formaður bankaráðsins. „Við erum mjög ánægðir með þessa niðurstöðu,“ segir Einar. Einnig kaupir Ólafur Ólafsson, kenndur við Samskip, hlut af Straumi. Straumur mun halda eftir tveggja til þriggja prósentu hlut í bankanum.

Kjölfestueigendur bankans hafa sömu sýn á stefnuna og telja verður líklegt að viðskiptin nú um helgina marki upphafið að frekari sókn bankans.

Straumur er afsprengi Íslandsbanka og frá því að Straumur sigldi sína leið hefur mátt búast við því að

Íslandsbanki byggði upp öfluga einingu til að taka þátt í fjárfestingarstarfsemi. Sá hópur sem nú myndar kjölfestu í bankanum er líklegur til að vilja byggja hratt upp slíka starfsemi. Eftir þessu viðskipti eru afar fjársterkir kjölfestueigendur í hluthafahóp Íslandsbanka, sem opnar fyrir ýmis sóknarfæri. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á stjórn fyrr en á næsta aðalfundi í mars.

Með sölu Straums á hlutinum í Íslandsbanka má greina skýrar skiptingu stærstu aðila í íslensku viðskiptalífi sem hverfast um viðskiptabankana þrjá.

Þessi viðskipti marka einnig tímamót í baráttu um ráðandi stöðu í bankanum. Undanfarin misseri hefur Karl Wernersson lagst á sveif með stjórnendum bankans um að skapa einingu í bankaráðinu. Karl hefur unnið að því um nokkurt skeið að hlutur Straums verði keyptur. Samningur um lausn málsins voru langt komnir á Þorlákssmessu en ágreiningur um bréf í KB banka varð til þess að þá slitnaði upp úr viðræðum.

Stærstihlutieignarhlutar Straums er tilkominn upphaflega með kaup-

um Landsbankans og Burðarás í bankanum. Hugur Björgólfsfeðga, sem voru stærstu eigendur beggja félaga, stóð þá til að sameina Landsbanka og Íslandsbanka. Andstaða var við þau áform meðal ráðandi hluthafa Íslandsbanka.

Eftir kaupin er FL Group næststærsti hluthafi Íslandsbanka. „Við lítum á þetta sem góða fjárfestingu og höfum mikla trú á framtíð bankans,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður FL Group. Hann segir ótímabært að ræða frekari áform með fjárfestingunni.

Karl Wernersson sagðist ánægður með að viðskiptin væru í höfn, en hann hefur um nokkurt skeið verið aðalhvatamaðurinn að því að mynda sterka einingu til að standa að baki sókn bankans.

Með sölnunni innleysir Straumur - Burðarás mikinn hagnað og ljóst að bankinn er með mikla fjárfestingargetu. Samkvæmt lögum varð Straumur að draga eignina í Íslandsbanka frá eigin fé sínu og því losnar um talsvert afl til útlána og fjárfestinga við sölnuna.

hafliði@frettabladid.is

Búseti byggir á Akureyri:

## Verðlagðar undir markaðsvirði

**HÚSNÆÐISMÁL** Húsnæðissamvinnufélagið Búseti á Akureyri hyggst byggja 82 íbúðir í Naustahverfinu á Akureyri en íbúðirnar verða mun ódýrari en gengur og gerist á Akureyri.

Heimir Ingimarsson, framkvæmdastjóri Búseta, segir félagið hafa fengið úthlutað svæði hjá Akureyrarbæ sem á rúmast um 82 íbúðir. „Í fyrsta lagi er um að ræða 55 íbúðir í fjölbýlishúsi, síðan er þriggja hæða tengibygging við fjölbýlishúsið sem fær að bíða aðeins. Svo eru átta raðhúsbúðir og fjórar íbúðir í fjölbýlishúsi. Í heildina eiga því að rúmast þarna 82 íbúðir.“ 45 íbúðir höfðu þegar verið seldar um áramótin.

Reiknað er með því að fyrstu íbúðirnar í fjölbýlishúsinu verði afhentar í lok desember á þessu ári. - mh



**TILBÚIN AÐ ÁFRÝJA** Jónína telur það skylda sína að fara í mál við DV.

Jónína Benediktssdóttir:

## Mun áfrýja til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Jónína Benediktssdóttir mun áfrýja úrskurði héraðsdóms í máli hennar á hendur Fréttablaðinu til hæstaréttar. Þetta fullyrta hún í Silfri Egils á NFS í gær.

Jafnframt sagði hún aðför DV að fjölskyldulífi hennar hafa verið ógeðslega, það eigendur blaðsins að taka á sínum fjölmiðli og sagðist líklega myndu höfða mál á hendur því. „Mér finnst það skylda mín að fara í mál við DV,“ sagði Jónína og bætti við að hún væri með unnið mál í höndunum. - sh

## JÓRDANÍA

**Sendiráðum lokað** Ástralía og Kanada lokuðu í gær sendiráðum sínum í Amman í Jórdaníu af öryggisástæðum, en Bretar lokuðu sínu sendiráði þar á laugardag um ótilgreindan tíma. Löndin telja hryðjuverkaárásir yfirvofandi á Vesturlandabúa, en tveir mánuðir eru síðan fimm tugir manna létust í sjálfsmorðsprengjuárásu á glæsihótel í borginni, sem al-Kaída hryðjuverka-samtökin í Irak lýstu á hendur sér.

## GRIKKLAND

**Óverulegar skemmdir** Harður jarðskjálfti á um 6,9 stig á Richter-kvarða skók Grikkland um hádegisbilið í gær. Skjálftinn fannst alla leið til Mið-austurlanda. Mildri þykir að einungis þrjú minniháttar slys urðu á fólki og skemmdir eru óverulegar. Upptök skjálftans voru 70 kílómetrum undir hafsbotninum 200 kílómetrum suður af Aþenu.

Sinubruni í Samkomugerði í Eyjafjarðarsveit:

# Kviknaði í út frá brennu

**SINUBRUNI** Að kvöldi laugardags kviknaði í sinu út frá brennu í Samkomugerði í Eyjafjarðarsveit. Mikið hvassviðri var á staðnum og gerði það mönnum erfitt fyrir en um klukkan tíu höfðu slökkviliðsmenn þó ráðið niðurlögum eldsins.

Um fjögurleitið aðfaranótt sunnudags var slökkvilið kallað til aftur en þá hafði glóð leynst í einni þúfunni og eldurinn var kominn aftur á kreik. Um tíma stefndi eldurinn í átt að bænum Torfum en komið var í veg fyrir að eldurinn næði þangað. „Þetta var talsverður eldur og hefði



getað farið í bæinn,“ segir Niels Helgason, bóndi á Torfum. „Þegar aðstæður voru kannaðar betur kom þó í ljós að hætta var ekki það mikil,“ sagði Niels en engin af tünunum sem brunnu voru í hans eigu. Klukkan rúmlega sjö um morguninn hafði Slökkviliði Akureyrar ásamt aðstoðarmönnum í björgunarsveitinni Dalbjörg tekist að slökkva eldinn.

- bg

**BRUNI** Tvisvar kviknaði í sinu út frá sömu brennu í Samkomugerði í Eyjafjarðarsveit um helgina.

# BARA SPARA!!!

## ALLTAF ÓDÝRARI

**279**  
KR.PK.

ENGIN SKILYRÐI

1 PAKKI = 279 KR.PK.  
100 PAKKAR = 279 KR.PK.  
1000 PAKKAR = 279 KR.PK.

FJÖLNOTAPAPPÍR,  
80 GR. HVÍTUR,  
500 BL.

verð áður:  
**3.690**

**1.890** KR.

BORÐREIKNIVÉL

verð áður:  
**13.900**

**9.900** KR.

BROTHER FJÖLNOTATAEKI  
DCP115C  
PRENTARI, SKANNI,  
LJÓSRITUNARVÉL OG  
KORTALESARI

### SKIPTIBÓKA MARKAÐURINN Á FULLU!!!

**9**  
KR.STK.

MÚSAMOTTA

**78**  
KR.STK.

M.V.  
**5**  
Í PAKKA

STÍLABÓK LIMIT  
A4/80 BLS.  
LÍNU OG RÚÐU

verð áður:  
**1.990**

**49**  
KR.STK.

ÁHERSLUPENNAR  
MARGIR LITIR

**990**  
KR.PK.

MINNISMÍÐAR,  
GULIR, LÍNA 10X10

GEISLADISKAR  
MAXELL SILFUR/25 STK.

BLEKHYLKIN-  
DUFTHYLKIN  
ALLTAF  
ÓDÝRARI  
Í GRIFFLI

**1.590**  
KR. STK.

BLEKHYLKI HP 56, SVART

**19**  
KR.PK.



HJÁ OKKUR ERU NÆG BÍLASTÆÐI OG GOTT AÐGENGI

Skeifunni 11d  
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18  
Laugardaga 10-14

# GRIFFILL

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 06.01.2006

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	60,94	61,24
	Sterlingspund	106,96	107,48
	Evra	73,66	74,08
	Dönsk króna	9,872	9,93
	Norsk króna	9,285	9,339
	Sænsk króna	7,901	7,947
	Japanskt jen	0,5242	0,5272

SDR 88,17 88,69

Gengisvísitala krónunnar  
103,1916

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dagur B. Eggertsson:

Fjölskyldur  
geta ekki beðið

**HEILBRIGÐISMÁL** Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi R-listans, segir þá staðreynd að sameining sveitarfélaga hafi mistekist ekki eiga að koma í veg fyrir að heilbrigðisþjónusta verði flutt til sveitarfélaganna sem fyrst.



**DAGUR B. EGGERTSSON** Vill heilbrigðisþjónustuna til sveitarfélaganna hið fyrsta.

„Fjölskyldur sem bíða eftir þjónustu hér í borginni geta ekki beðið þess að árangur náist í sameiningu sveitarfélaga þar sem þessi heilbrigðisvandamál eru jafnvel ekki fyrir hendi,“ segir Dagur.

Dagur átti sæti í nefnd um flutning heilbrigðisþjónustunnar sem skilaði niðurstöðum sínum fyrir ári. Heilbrigðisráðherra segir að þegar sameining sveitarfélaganna mistókst hafi ein meginforsenda flutningsins brostið.

- sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ekið á dreng** Ekið var á sex ára dreng við Miðgarð í Grindavík um áttaleytið á laugardagskvöld. Annar fótur drengsins varð undir afturhjóli bifreiðarinnar sem ók rólega framhjá honum. Við skoðun kom í ljós að drengurinn var ekki fótbrotinn heldur hafði tagnað á fætinum. Hann fékk að fara heim að skoðun lokinni.

## Skemma f auk á íbúðarhús

Lögreglan í Vík var kölluð út í gær vegna skemmu sem hafði fokið á íbúðarhús við bæinn Kolmúla í Reyðarfirði. Óhappið varð í óveðri aðfaranótt laugardags en íbúðarhúsið skemmdist talsvert. Skemman fór í sundur og dreifðust brot úr henni út um allt.

**Bílvelta** Bíll valt á Nýbýlavegi upp úr klukkan tvö í gær. Ekki urðu meiðsl á fólki en bíllinn er töluvert skemmdur og var fjarlægður með kranabil.

Lögreglumaður á Keflavíkurflugvelli staðinn að smygli:

## Brotið litið alvarlegum augum

**LÖGREGLUMÁL** Afleysingalögreglumaður á Keflavíkurflugvelli var á dögnum staðinn að því að reyna að smygla inn í landið á þriðja tug neftóbaksdósa en tóbakið er ólöglegt hér á landi.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli lítur atvikið alvarlegum augum en upp komst um athæfi mannsins skömmu áður en hann átti að hætta störfum. Að sögn Jóhanns Benediktssonar, sýslumanns á Keflavíkurflugvelli, stendur rannsókn málsins nú yfir. „Þetta mál fer sína hefðbundnu leið. Þetta er frekar neyðarlegt og mikið dómgreindarleysi hjá þeim sem á í hlut. Það er alvarlegt mál



**SÆNSKT NEFTÓBAK** Sænskt neftóbak hefur um árabíl verið flutt til Íslands í stórum stíl en fjölmargir neyta þess daglega.

að brjóta lög með þessum hætti á meðan löggæslustörfum er sinnt. Við munum fylgja þessu máli eftir og skila málinu af okkur þegar öllum gögnum hefur verið aflað. Ríkissaksóknari tekur svo

ákvörðun um framhald málsins.“

Jóhann segir ekki algennt að lögreglumenn séu staðnir að lög-brotum í vinnu sinni á Keflavíkurflugvelli en segir það þó koma fyrir. „Því betur koma þessi mál ekki oft upp hjá okkur. En þetta er stórt umdæmi. Það eru um 150 fastráðnir starfsmenn á flugvelli-um og um 70 afleysingastarfsmenn á hverju ári í hinum ýmsu störfum hér á flugvelli. Þegar fjöldinn er slíkur geta þessi mál því miður komið upp.“

Íslenskt munntóbak er selt hér á landi í búðum en ólöglegt er að flytja inn og selja erlent munn- og neftóbak.

- mh

Tólf taldir af:

## Herþyrla fórst

**ÍRAK, AP** Bandarísk herþyrla af gerðinni Black Hawk brotlenti á laugardagskvöld í norðurhluta Íraks. Talið er að tólf manns hafi verið um borð í þyrlunni og létust þeir allir.

Þyrlan hrapaði skömmu fyrir miðnætti á laugardag um fimmtán kílómetra austur af Tal Afar. Talsmenn hersins segja fjögurra manna áhöfn og átta farþega hafa verið um borð í þyrlunni, en ekkert hefur verið gefið til kynna um þjóðerni fólksins. Jafnframt hefur herinn ekki skýrt frá ástæðum brotlendingarinnar.

Samkvæmt AP fréttastofunni hafa að minnsta kosti 2.199 bandarískir hermenn farist í Írak síðan í byrjun stríðsins árið 2003. - smk

Óttast að tugir Tyrkja hafi  
smitast af fuglaflensunni

Fuglaflensuveirustofninn H5N1 virðist dreifa sér um Tyrkland þessa dagana, en sá er talinn líklegastur til að stökkbreytast og geta þá smitast milli manna. Enn sem komið er virðist fólk aðeins smitast við að handleika sýkta fugla. Tyrknesk yfirvöld eru gagnrýnd fyrir seinagang við útrýmingu alifugla á sýktum svæðum.

**TYRKLAND, AP** Evrópusambandið hefur staðfest að fuglaflensuveiran sem uppgötvadist nýverið í austurhluta Tyrklands sé af hinum mannskæða H5N1-stofni. Jafnframt staðfesti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin að systkinin sem létust úr fuglaflensu í borginni Van í síðustu viku hefðu látist af völdum þessa veirustofns. Þau eru fyrstu fórnarlömb H5N1-stofnsins utan Asíu, en veiran hefur orðið meira en sjötíu manns að bana í austurhluta Asíu síðan árið 2003.

Auk systkinanna hefur H5N1-veirustofninn verið staðfestur í fjórum sjúklingum og grunur leikur á að þrjú sjúklingar í borginni Ankara séu einnig smitaðir, en um 1.000 kílómetrar eru milli borganna. Allir nema einn eru sjúklingarnir á barnaldri.

Tyrknesk yfirvöld hafa sagt að grunur leiki á að rúmlega þrjátíu manns hafi smitast í austurhluta landsins.

Veirustofn H5N1 hefur nýverið fundist í fuglum í Rúmeníu, Rússlandi og Króatíu, auk Tyrklands, og óttast heilbrigðisyfirvöld stökkbreytingu sem gæti valdið því að veiran bærst frá manni til manns. Enn sem komið er virðist fólk þurfa að handfjatla sýkta fugla til að smitast af veirunni og hefur meira en helmingur hinna sýktu látist.

Læknirinn sem sinnti látnu systkinunum telur að þau hafi sýkst með því að leika sér að dauðum fuglum.

Ótti ríkir nú í landinu vegna málsins og kvarta almennir

borgarar sáran undan seinagangi yfirvalda við útrýmingu alifugla á sýktu svæðunum. Verið er að útrýma öllum alifuglum í fimm kílómetra radíus í kringum Ankara, en málið er erfiðara í Van, þar sem margir alifuglar ganga lausir. Sú staðreynd að aligæsir, hænur og kalkúnar eru verðmætasta eign manna víða í fátækari hlutum Tyrklands einfaldar ekki málið, því á sumum stöðum neitar fólk að láta heilbrigðisstarfsmönnum eftir fugla sína.

Nágrannalöndin hafa brugðist hart við. Yfirfaraldsfræðingur Rússlands, Gennady Onishchenko, varaði landsmenn sína við ferðalögum til austurhluta Tyrklands í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær og Íran hefur lokað landamærum sínum fyrir Tyrkjum.

Heilbrigðisráðherra Tyrklands, Recep Akdag, minnir landsmanna sína á að sýna kynsemi. „Þetta er fuglasjúkdómur, fólk er í snertingu við fugla er í hættu,“ segir hann. „Þetta er vandinn sem við þurfum að glíma við.“

smk@frettabladid.is

**FUGLAFLENSA** Starfsmaður landbúnaðarráðuneytis Tyrklands ber kalkún til slátrunar í austurhluta landsins, þar sem fuglaflensa hefur greinst.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Pórhallur miðill

**989**  
**BYLGJAN**

Allir eru að hlusta!

Lífsaugað

Þriðjudagskvöld 22-24




## VEÐURSPÁ

um hádegi »

Guðriður Arnardóttir  
Náttúrufræðingur

**Nokkur vindur**  
Það er lægð að skauta yfir landið og því verður SV-átt í fyrstu en áttin breytist eftir því sem líður á daginn og blæs tímabundið úr norðri á Vestfirðum. Það dregur úr vindi seint í kvöld. Hitinn er víða vel yfir frostmarki og rigning sunnan- og vestanlands.

**HÖFUDBORGIN Í DAG**  
Suðaustan gjóla en hægari seint í kvöld. Hití 3 stig en kólnar í kvöld. Rigning fram eftir nóttu.



Kaupmannahöfn	1°C heiðskirt	Paris	7°C léttskýjað	Alicante	16°C sk.m.köflum
Oslo	0°C léttskýjað	Berlín	-1°C léttskýjað	Milano	7°C sk.m.köflum
Stokkhólmur	-2°C heiðskirt	Frankfurt	2°C heiðskirt	New York	13°C sk.m.köflum
Helsinki	-2°C þoka	Madrid	10°C skýjað	San Francisco	14°C heiðskirt
London	7°C sk.m.köflum	Barcelona	13°C sk.m.köflum	Orlando/Florida	25°C heiðskirt

\* Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# ÞAU BYRJUDU

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞÉR!

PICTA KÓSD / SÍA



Landnámsmennirnir Ingólfur Arnarson og Hallveig Fróðadóttir voru öndvegisfólk og sannir frumkvöðlar. Þau reistu bæ sinn í fallegri vík sem þau nefndu Reykjavík.

## Reykjavík í mótun

Nú er komið að þér. Þú getur átt beinan þátt í mótun Reykjavíkur. Sendu okkur álit þitt, ábendingar og hugmyndir, t.d. um notkun útivistarsvæða, samgöngur, náttúruvernd, landnýtingu, loftgæði, lýðheilsu, ásýnd borgarinnar, umhverfisfræðslu eða hverfið þitt, á vefnum [www.hallveigarbrunnur.is](http://www.hallveigarbrunnur.is) eða í pósti.

Utanáskriftin er Hallveigarbrunnur, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19, 101 Reykjavík.

Þú getur einnig lesið hugmyndir inn á talhólf, gjaldfrjálst símanúmer er **800 1110**.

**Hverju viltu breyta? Hverju viltu halda?  
Ertu með góða hugmynd?**

**Tökum þátt í mótun Reykjavíkur**

**Virkjum okkur!**

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar





## KJÖRKASSINN

Á að breyta Íbúðalánasjóði í heildsölubanka?

Já	24,9%
Nei	70,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er of mikill hávaði af flugeldum?

Segðu skoðun þína á visir.is



Industria hefur samið við norska fyrirtækið Opera um vafra í Zignal-netsjónvarp:

## Flýtir fyrir netsjónvarpsþróun

**UPPLÝSINGATÆKNI** Íslenska upplýsingatækniyrirtækið Industria hefur samið við norska vafrafyrirtækið Opera um samstarf vegna netsjónvarpshugbúnaðar Industria sem kallast Zignal. Netsjónvarp, eða IPTV, er stafræn sjónvarpsútsending yfir háhraðatengingar á internetinu.

Zignal-hugbúnaðurinn er innbyggður í svokölluð „set-top-box“ eða móttökubúnað stafræna sjónvarpsþendinga. Búast má við að notkun slíkra tækja færist í vöxt með aukinni ljósleiðaravæðingu í þéttbýli.

Opera hefur þróað tækni sem endurhannar vefsíður og sníður að þörfum misstórra skjáa. Vafri



fyrirtækisins er af þeim sökum í auknum mæli notaður í hvers konar jaðartæki, svo sem í afþreyingarbúnaði flugvéla.

Samningurinn við Opera er sagður flýta mjög fyrir þróun ýmissa lausna tengdra vefþjónustu í netsjónvarpi Zignal. Búnaðurinn hefur að bjóða stafræna sjónvarpsútsendingu, kvikmyndapöntun (video-on-demand), upptöku sjónvarpsþefnis, stafrænt útvarp og netleiki. - óká

**GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON** „Við völdum Opera út af yfirburðum vafrans og stuðningi við opna staðla á netinu, en á þeim byggir Zignal,“ segir Guðjón Már, sem er framkvæmdastjóri Industria.

Tvær flugvélar yfir Noregi:

## 40 sekúndum frá árekstri

**NOREGUR** Aðeins munaði fjórutíu sekúndum að tvær flugvélar með rúmlega 350 farþegum hefðu skolið saman á flugleið yfir Noregi í gær.

Engin viðvörðun barst flugmönnum frá flugumferðarstjórninni og það var ekki fyrr en viðvörðunarkerfið fór í gang sem flugmennirnir áttuðu sig á hættunni. Ef ekki hefði verið fyrir sjálfvirka viðvörðunarkerfið hefði orðið stórslys.

Norska flugumferðarstjórnin hefur skipað sérstaka rannsóknarnefnd til að rannsaka málið, sem er litið afar alvarlegum augum.

- bog

Leit Hafró árangurslaus:

## Enn loðnulaust

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Leit fimm skipa Hafrannsóknastofnunarinnar að loðnu á Íslandsmiðum reyndist árangurslaus og hafa nú öll skipin hætt leit.

Skipin, sem eru búin bestu fiskleitartækjum, hófu leitina á miðvikudag og segja fróðir menn að finni þau ekki loðnu sé hún ekki til staðar.

Ekki hefur verið gefinn út neinn loðnukvóti fyrir vertíðina þar sem ekkert fannst af loðnu í haust. Það er ekki einsdæmi að loðna finnst ekki eftir áramót en menn eru sérstaklega áhyggjufullir núna. - sh

MP Fjárfestingarbanki:

## Kaupir Bank Lviv í Úkraínu

**VIÐSKIPTI** MP Fjárfestingarbanki hefur keypt níutíu prósent hlut í úkraínska viðskiptabankanum Bank Lviv í samnefndri borg.

Kaupverðið er trúnaðarmál en kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppnisstofnunar og seðlabanka Úkraínu og Fjármálaeftirlitsins á Íslandi.

Bank Lviv er ekki stór banki, með um hundrað starfsmenn og fjögur útibú, en að mati Margeirs Péturssonar, stjórnarformanns MP, er um mjög góð kaup að ræða. - sh

# Neyðast til að ráða ómenntaða

Sérsvaitarmönnum hefur verið fjölgað um tuttugu á tveimur árum. Svo mikill skortur er á lögreglumönnum í Reykjavík að ráða verður tíu ómenntaða lögreglumenn í fyrsta skipti í fjögur ár. Fjölgað verður um fimm nemendur í Lögregluskólanum á árinu. Um áramót vantaði 25 lögreglumenn til starfa.

**LÖGREGLAN** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur fjölgað lögreglumönnum í sérsvaitinu um tuttugu á tveimur árum. Mennirnir hafa einkum komið frá lögreglunni í Reykjavík og ekki tekist að ráða menntaða lögreglumenn í staðinn. Nú er svo komið að í fyrsta skipti í fjögur ár neyðist lögreglan í Reykjavík til að ráða tíu menn sem ekki hafa lokið námi í Lögregluskólanum. Samt vantar nokkra.

Nýju sérsvaitarmennirnir hafa fyrst og fremst komið frá lögreglunni í Reykjavík. Mest hefur þeim fjölgað í höfuðborginni, um 10-12, fjóra á Akureyri og nokkra á Keflavíkurlflugvelli. „Þetta er hrein viðbót við löggæsluna,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

Undirmönnum hefur herjað á lögregluna í Reykjavík á þessu ári. Fyrir ári vantaði 26 lögreglumenn og þrátt fyrir fjölmargar ráðningar á árinu vantaði enn 25 menn um síðustu áramót því kvarnast hefur úr liðinu á móti. Sérstaklega hefur ástandið verið slæmt frá því í haust. „Við vorum að tapa 25 stöðugildum á árinu vegna þess að það var ekki til menntað fólk sem sótti um störf hjá okkur,“ segir hann.

Búið er að ráða ellefu menntaða



**SÉRVSVEITARMENN AÐ STÖRFUM** Í fyrsta skipti í fjögur ár ræður lögreglan í Reykjavík ómenntaða lögreglumenn til starfa. Þrátt fyrir það tekst ekki að svara þörfinni að fullu. 25 lögreglumenn vantar en 21 er ráðinn, þar af tíu ómenntaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lögreglumenn í Reykjavík og til viðbótar hafa verið ráðnir tíu ómenntaðir, svokallaðir afleysingamenn. „Það er nýmæli að ráða ómenntaða menn. Við erum byrjaðir á því en höfðum ekki gert það í fjögur ár. Ef við fáum ekki fleiri menntaða lögreglumenn

verðum við að ráða ómenntaða til að hjálpa til.“

Brugðist er við ástandinu í Lögregluskólanum með því að fjölga nemum um fimm, úr 31 í 36 á þessu ári. Af þeim 31 lögreglumanni sem útskrifaðist á síðasta ári fóru fjórir til annarra starfa.

Jónmundur Kjartansson, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóraembættinu, segir að það sé óvenjuhátt hlutfall, venjulega séu þeir aðeins einn til tveir sem hverfi annað, en reynslan sýni að þessir menn geti komið til baka.

ghs@frettabladid.is

Jólagjafir bæjarstjóra Seltjarnarness til leikskólakennara:

## Ekki borið undir bæjarráð og launanefnd

**BÆJARMÁL** „Furðu vekur að bæjarstjórnin skuli taka upp á því að gefa bæjarstarfsmönnum gjafir að upphæð sex til átta milljónir króna án þess að spyrja kóng né prest,“ segir Guðrún Helga Brynleifsdóttir í bæjarstjórn Seltjarnarness.

Ákvörðun Jónmundar Guðmarssonar að veita leikskólakennurum 20 þúsund króna uppþót á laun sín hefur dregið dilk á eftir sér og krefjast aðrir bæjarstarfsmenn nú þess sama.

Guðrún Helga segir vítavert að bæjarstjórnin gangi þannig í bæjarsjóð án þess að hafa samráð við launanefnd eða bæjarráð og segir líklegt að kostnaður verði á áttundu milljón króna fái allir starfsmenn Seltjarnarness 20 þúsund króna gjafabréf í Kringlunni eins og leikskólakennarar fengu nýlega. „Ég hef ekkert á móti því að fólki sé umbunað fyrir góð störf en að taka svona ákvörðun án samráðs er fráleitt og sýnir að stjórnsýslan er í molum.“

Jónmundur segist hafa fullt vald til að taka slíkar ákvarðanir á eigin spýtur en ítrekar að hvað varði aðra starfsmenn en leikskólakennara hafi engin ákvörðun verið tekin og það muni fara fyrir launanefnd í næstu viku. „Mín skoðun er sú að allir eigi að sitja við sama borð og ég styð að aðrir en leikskólakennarar fái þessa uppþót. Sú ákvörðun var tekin í samráði við leikskólakennurum að þeirra störf væru virt og metin og þegar formaður starfsmannafélagsins fór fram á að aðrir fengu slíkt líka fannst mér það eðlileg krafa. En engin ákvörðun liggur fyrir og launanefndin mun fjalla um málið.“

- aðe



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON** Sú ákvörðun bæjarstjórnar að gefa leikskólakennurum 20 þúsund króna gjafabréf í Kringlunni féll í grýttan jarðveg hjá öðrum bæjarstarfsmönnum sem vilja fá hið sama. Verði það niðurstaðan kostar það bæjarsjóð sex til átta milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**EINN GÍSLANNA FIMM** Fólkinu var rænt á nýársdag en á föstudag sáu mannræningjarnir að sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gíslatakan í Jemen:

## Ítölunum hefur verið sleppt

**SANA, AP** Fimm ítölskum ferðamönnum sem rænt var í Jemen á nýársdag hefur verið sleppt og komust til síns heima á laugardag.

Menn af tilteknum ættbálki í landinu rændu fólkinu en þeir kröfðust þess að settingjum sínum yrði sleppt úr fangelsi. Ekki er ljóst hvort orðið var við þeim kröfum en yfirvöld höfðu átt í samningaviðræðum við mannræningjara.

Ítalarnir voru að vonum glaðir yfir að vera lausir úr þrúuninni. Þeir sögðust hafa verið skelfingu lostnir allan tímann en engu að síður báru þeir mannræningjunum furðu vel séguna og sumir sögðust ætla sér að snúa aftur til Jemen síðar. ■

JONSSON & LEWIS - JUL

# ELSKAÐU

# SJÁLFAN ÞIG

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

# Ný kynslóð salatbara

## Sjáðu þetta

**40** spennandi tegundir

**Meðal annars:**

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandorri
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurkaðir tómatar
- Ætíþistill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir  
0.5 ltr. Sítrónu kristall með í kaupbæti.\*

\*Tilboðið gildir til 31. janúar



## Fiskréttur dagsins

**30% afsláttur**

**Kjöt & fisktorgið**

**Steinbítsréttur**  
með hvítlauk og kryddjurtum

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.  
10-15 mínútur við 200°C

**TILBOÐ**  
**998** kr/kg  
Verð áður 1.449,-

**Rúnar Gíslason**  
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur  
kokkarnir.is

Gildir 9. janúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Stemmtilegast að versla

Verktaki dæmdur fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga:

## Greiði hálf milljón í sekt

**DÓMSMÁL** Forsvarsmáður nokkurra verktakafyrirtækja hefur verið dæmdur til að greiða hálf milljón króna í sekt vegna þess að hann hafði ekki aflað atvinnuleyfa fyrir hóp litháískra verkamanna sem hér störfuðu fyrir hann.

Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness á föstudag, en maðurinn var kærður fyrir að hafa haft að minnsta kosti sex Litháa hér í vinnu án atvinnuleyfa frá því síðla árs 2002 og fram á haust 2003. Mennirnir störfuðu við byggingarvinnu.

Upp komst um málið þegar lögreglan á Keflavíkurflugvelli hafði afskipti af einum Litháanum

í októberbyrjun 2003, en sá var þá að taka á móti tveimur löndum sínum sem voru að koma með flugi frá Frankfurt. Litháinn var ekki með vegabréf á sér og heima hjá honum fann lögregla svo fjóra aðra Litháa. Meðan athugað var með vegabréfið lokuðu fjórmennirnir sig inni í herbergi og flúðu út um glugga.

Dómurinn tók ekki gilda þá skýringu að nægja hefði átt að afla mönnunum atvinnuleyfis í Danmörku, en það hafði sannanlega verið gert, og vísaði til skýrra til-mæla í lögum hér um að ráðherra gæfi út atvinnuleyfi hér.

- óká



**UNNIÐ VIÐ JÁRNABINDINGAR** Erlendir verkamenn að störfum við járnabindingar. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

## Hundum mismunað eftir hundafélögum

Hundaeigendur sem skrá hunda sína ekki hjá Hundaræktarfélagi Íslands geta ekki fengið fulla tryggingu hjá VÍS. Hundaræktendur í Dalsmynni segja þetta eina aðförina enn að starfsemi sinni.

**TRYGGINGAR** „Tryggingafélagið VÍS neitar að tryggja hundinn minn að fullu þar sem hann er skráður í Hundaræktunarfélaginu Íshundum en ekki í Hundaræktarfélagi Íslands,“ segir Kristín Friðriksdóttir hundaeigandi.

„Ég keypti mér enskan bolabít úr hundaræktuninni í Dalsmynni og ætlaði að tryggja hann hjá VÍS en þeir buðu mér að tryggja hann fyrir 300 þúsund svo lengi sem hann væri í hundaræktarfélagi sem hann og er. Svo fékk ég sent bréf þar sem mér er tjáð að þeir vilji aðeins tryggja hann fyrir 100 þúsund þar sem hann er skráður hjá Íshundum. En hundurinn er hreinræktaður og ég er með ættbókarskírteini og heilsufarsbók sem eru alveg hundrað prósent svo ég skil ekki þessa mismunun.“

Hún segist ekki hafa viljað kaupa bolabít, eða bulldog, frá Hundaræktarfélaginu þar sem þeir séu ekki eins góðir og þeir sem koma úr Dalsmynni og eru skráðir hjá Íshundum. „Beinabygging þeirra er ekki góð og svo eru þeir mun gjarnari á að fá ýmsa sjúkdóma,“ segir Kristín.

Ásta Sigurðardóttir, hundaræktunarkona í Dalsmynni, segir þetta vera eina aðförina enn að sér og sinni starfsemi en hún klauf sig úr Hundaræktarfélagi Íslands og hefur verið aðsöpmikil meðal Íshundafélaga frá stofnun félagsins árið 2000.

„Við erum í samstarfi við sænska tryggingafélagið Agria sem tryggir aðeins hunda að jafnvirði kaupvirðis séu þeir á skrá hjá Alþjóðahundaræktarfélaginu FCI,“ segir Rúnar Þór Guðbrandsson, svæðisstjóri hjá VÍS



**KRISTÍN FRÍDRÍKSDÓTTIR MEÐ HEBU ISABEL Í FANGINU** Þessi bolabítur fæst ekki fyllilega tryggður hjá VÍS. Kristín segir hann mun betri en þá sem koma frá Hundaræktarfélagi Íslands en þeir hundar eru fyllilega tryggðir.

Agria. „FCI starfar aðeins með einu hundaræktarfélagi í hverju landi og héraendis er það Hundaræktarfélag Íslands. Við ákváðum að fara að þessari fyrirmynd þar sem það hefur sýnt sig erlendis að hundum sem ekki eru skráðir hjá aðildarfélögum innan FCI er hættara við að veikjast og lifa skemur þar sem upprunavottorð eða ættbók er ekki jafn áreiðanleg.“

Hann segist hafa boðið forsvarsmönnum Íshunda á fund

til að ræða málin en þeir hafi ekki tekið boðinu. Einnig segist hann hafa reynt að verða sér út um upplýsingar um félagið en það hafi lítt gengið. „Þeir voru þá til dæmis ekki með heimasíðu og erlendis könnuðust menn ekkert við þá,“ segir hann.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gera Tryggingamiðstöðin og Sjóvá ekki upp á milli hunda eftir því hvar þeir eru skráðir.

jse@frettabladid.is

Viðbrögð við samstarfi VÍS og Hundaræktarfélags Íslands:

## Vísaði hundi í röngu félagi á dyr

**HUNDARÆKTUN** Katrín Harðardóttir, dýralæknir í Víðidal, segist gáttuð á því hvernig tryggingafélagið VÍS geri í því að mismuna hundaræktarfélagunum á Íslandi. Hún segir að fulltrúar frá VÍS hafi til dæmis vísað hundi sem skráður var hjá Hundaræktunarfélaginu Íshundum á dyr á hundasýningu sem VÍS stóð fyrir því þar mættu einungis vera til sýnis hundar sem skráðir væru hjá Hundaræktarfélagi Íslands.

Rúnar Þór Guðbrandsson, svæðisstjóri hjá VÍS Agria, en svo nefnist sá armur fyrirtækisins sem sér um dýratryggingar, segist ekki vera viss um hvaða sýningu Katrín eigi við en fulltrúar frá VÍS hafi aldrei vísað hundi á sýningu. „Ég veit þó til þess að starfsmaður okkar



**Á HUNDASÝNINGU** Dýralæknir segir tryggingafélagið VÍS vera að mismuna með undarlegum hætti félögum í landinu sem standa að hundaræktun. Myndin er tekin á hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands.

var fenginn til þess af aðstandendum Hvuttadaga svokallaðra, sem voru ungir og óreyndir, til þess að biðja einn hundaeiganda að fara af sýningunni með hund sinn þar sem hætta væri talin á að hann gæti smitað aðra hunda á sýningunni af augnsýkingu,“ segir Rúnar Þór.

„Aðstandendurnir voru í öngum sínum því tólf af fimmtán þeirra sem voru með hunda á sýningunni höfðu hóttað að fara ef ekki yrði farið með tiltekinn hund og svo vildi til að hann var ekki skráður hjá Hundaræktarfélagi Íslands. Starfsmaður okkar var þó ekki með neitt umboð frá okkur og sýningin var ekki á okkar vegum en hann hjálpaði aðstandendum sýningarinnar að höndla málið,“ segir hann.

- jse

**WELCOME TO THE SUCK.**

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRA AMERICAN BEAUTY

**TAKTU ÞÁTT!**

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMÍÐA FYRIR TVÖ, DVD MYNDIR, VARNING TENGAN MYNDINI OG MARGT FLEIRA.

ALFABAKKA **SAMBÍÓN** AKUREYRI

LAUGUR **BIO**

**D3** MOBILE

VIRÐISFRÓÐA VERÐA AFHESITUR HÁLF BT GJAFALMID. KÓPNUM. MEÐ ÞÍÐ AÐ TAKA ÞÁTT EFTIR KÖNNI Í ÖRS KLÓÐ. ÖÐ KÖNNIÞYR.



# Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL,  
OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

**3.990**

Á MÁNUÐI?\*

\*M.v. 12 mánaða samning.

**Það er ekkert mál að skipta.**

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 [hive@hive.is](mailto:hive@hive.is)





**PÁFINN SKÍRIR** Benedikt XVI páfi skírði tju hvítvoðunga í Sixtínsku kapellunni í Vatikaninu í gær og viðhélt þar með hefð sem Jóhannes Páll II kom á, þar sem páfinn býður nýfædd börn velkomin í kápólsku kirkjunna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breyttir viðskiptahættir hjá tveimur af gömlu olíufélögum þremur, Esso og Olís:

## Samstarfi um olíukaup lokið

**SAMKEPPNISMÁL** Samstarfi Esso og Olís um innkaup á olíu er lokið. Félögin tvö höfðu skrifað undir samning um sameiginleg innkaup á árinu 2005 þegar Samkeppnisstofnun úrskurðaði að þau skyldu láta af sameiginlegum innkaupum.

Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Olíufélagsins, segir fyrirtækið þegar búið að semja um olíukaup fyrir nýhafið ár. „Ég get upplýst að Olíufélagið Esso er ekki í samstarfi við neinn um þau innkaup,“ segir hann og telur að mál olíufélaganna séu nú fyllilega komin í farveg sem samræmist ákvæðum samkeppnisyfirvalda.

„Menn hafa verið að færa sig yfir í það form sem Samkeppnisstofnun mælti fyrir um. Þar má nefna Gasfélagið sem búið er að selja og félag sem við áttum sameiginlega og hét Úthafsolía. Þá hefur öllum samrekstri á bensínstöðvum verið slitið.“ Hjörleifur segir eina samreksturinn sem enn sé í gangi vera eldsneytisstöð á Keflavíkurflugvelli, en algengt sé að olíufélög sameinist um slíkan rekstur. „Og þá er Olíudreifing ein eftir, en hún er í eigu Olís og Esso. Þar gerði Samkeppnisstofnun ekki aðrar athugasemdir en að fulltrúar olíufélaganna sætu ekki í stjórn fyrirtækisins.“ - óká



**HJÖRLEIFUR JAKOBSSON** Forstjóri Esso segir fyrirtækið búið að semja um kaup á olíu fyrir þetta ár og þar með séu uppfyllt skilyrði sem samkeppnisyfirvöld settu. - sh

Nýjung hjá Umhverfissviði:

## Samráð við borgarbúa

**BORGARMÁL** Umhverfissvið Reykjavíkurborgar hyggst í janúar hafa samráð við borgarbúa um sjálfbært samfélag. Fólki er boðið að koma á framfæri sínum hugmyndum, meðal annars um útivistarsvæði, náttúruvernd, ásynnd og samgöngur, á vefsíðunni hallveigarbrunnur.is, í gegnum síma eða bréfleiðis. Hugmyndirnar verða síðan nýttar til stefnumótunar borgarinnar í umhverfismálum.

Í fréttatilkynningu frá Umhverfissviði segir að hér sé sennilega um nýjung að ræða þegar kemur að samvinnu við borgarbúa.

Heilbrigðisráðherra:

## Samið um 600 aðgerðir

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðismálaráðherra hefur gert samning við fjórar heilbrigðisstofnanir um tæplega sex hundruð svokallaðar biðlistaaðgerðir á árinu. Samningurinn er gerður til að stytta biðtíma sjúklinga eftir lækniáðgerðum. Nær 70 milljónum króna verður veitt til aðgerðanna.

Stofnanirnar sem samið var við eru Landspítali-háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, St. Jósefsspítali í Hafnarfirði og Heilbrigðisstofnunin Akranesi.

- jss

### LEIÐRÉTTING

Vegna myndatexta á forsíðu Fréttablaðsins í gær skal tekið fram að Nick Cave var ekki á tónleikunum Náttúruleis á laugardagskvöld.

Ný könnun IMG Gallup fyrir kirkjugarða Reykjavíkur:

## Tæp sextíu prósent trúá á framhaldslíf eftir dauðann

**KÖNNUN** Í nýlegri könnun sem IMG Gallup vann fyrir kirkjugarða Reykjavíkur töldu um sextíu prósent aðspurðra að eitthvað tæki við eftir dauðann. Um níu hundruð manns á aldrinum sextán til sjötíu og fimm ára tóku þátt.

Tæp tíu prósent telja að ekkert líf sé eftir dauðann og einungis átta prósent trúá því að við risum upp til samfélags við guð, á meðan sex prósent aðspurðra trúðu á endurholdgun.

Aðsókn í kirkjugarðana var einnig mæld. Flestir, um tuttugu og sjö prósent þátttakenda, sögðust fara í kirkjugarð þrisvar til fimm sinnum á ári. Þeir sem sögðust aldrei fara voru um níu prósent.



Meðaltal heimsóknna hefur hækkað um eitt prósent frá síðustu könnun.

Spurð hvaða útfararsíður væri ákjósanlegastur voru tæp sjötíu prósent á því að greftrun í kistu væri mest við hæfi. Um tuttugu og fjögur prósent sögðust kjósa líkbrennslu fram yfir annað.

Þá þótti fjórutíu og tveimur prósentum aðspurðra ræða prestsins vera mikilvægasti hluti útfarar, en um þriðjón prósent þátttakenda voru á því að tónlistin í útförinni væri veigamest.

- æþe

**KIRKJUGARÐUR** Flestir segjast heimsækja kirkjugarð þrisvar til fimm sinnum á ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heilsugæslan Fjörður:

## Ný heilsugæsla í Hafnarfirði

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný heilsugæsla í Hafnarfirði var opnuð af Jóni Kristjánssyni, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fyrir helgi.

Heilsugæslan nefnist Fjörður og þar munu starfa sex heilsugæslulæknar. Veitt verður almenn lækni- og hjúkrunarþjónusta í Firði, slysa- og bráðþjónusta og síðdegisvakt. Enn fremur verður veitt meðgönguvern, ungubarnavernd, rannsóknarþjónusta og heimahjúkrun verður einnig sinnt frá þessari nýju stöð.



**FRÁ OPNUM FJÖRÐAR** Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, opnar nýja heilsugæslu.

- jóa

# Nokkrir góðir á Laugaveginum!



**Audi A4 Avant 2,0 sjálfsk.**  
árg. 02 ek. 78.000  
verð 2.170.000 kr.



**VW Touran Trendline 2,0 beinsk.**  
árg. 04 ek. 22.000  
verð 2.350.000 kr.



**Audi A4 Avant 1,8T sjálfsk.**  
árg. 04 ek. 23.000  
verð 3.430.000 kr.



**VW Passat Varinat 2,0 sjálfsk.**  
árg. 04 ek. 20.000  
verð 2.300.000 kr.



**VW Touran Basicline 1,6 beinsk.**  
árg. 05 ek. 12.000  
verð 1.990.000 kr.



**VW Passat Variant 2,0 sjálfsk.**  
árg. 02 ek. 63.000  
verð 1.690.000 kr.



**VW Golf Variant 1,6 beinsk.**  
árg. 02 ek. 73.000  
verð 1.190.000 kr.



**MMC Outlander Comfort 2,4 sjálfsk.**  
árg. 04 ek. 32.000  
verð 2.290.000 kr.

Opið mánudaga til föstudaga 10-18 • Laugardaga 12-16

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | www.bilathing.is



www.bilathing.is  
bilathing@hekla.is

**BÍLAPING HEKLU**  
Númer eitt í notuðum bílum

# Þarf ég að taka áhættu með peningana mína?

Þegar þú ákveður hvernig þú fjárfestir þarftu að skoða þínar aðstæður og markmið. Ef þú ert að fjárfesta til skemmri tíma eða ert að nálgast eftirlaunaaldur, er óráðlegt að taka áhættu með miklum hlutabréfakaupum, því verð þeirra getur sveiflast mikið á stuttum tíma. Við slíkar aðstæður mælum við eindregið með öruggum sjóðum með mikilli áhættudreifingu.

Sérfræðingar hjá Íslandsbanka hafa sett saman þrjár leiðir í fjárfestingum. Ein þeirra er Örugga leiðin. Hún er einmitt byggð upp þannig að þú getur fengið jafna og góða ávöxtun án þess að taka áhættu með peningana þína.




Auður Ingólfssdóttir  
Ráðgjafi hjá Eignastýringu Íslandsbanka.

## FJÁRFESTU Í SJÓÐUM

ÖRUGGA LEIÐIN – Árleg nafnávöxtun síðustu 5 ár\*

# 12,5%

UPPSÖFNUM FJÁRHÆÐ\*\* – Miðað við 5 ára sparnað



Örugga leiðin er 75% skuldabréf, 12,5% innlend hlutabréf og 12,5% erlend hlutabréf. Þú getur fjárfest í Öruggu leiðinni með mánaðarlegri áskrift eða með einni upphæð.


**Byrjaðu núna! Farðu inn á [www.isb.is](http://www.isb.is) og kláraðu málið.** Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

\*Ávöxtun í fortíð er ekki visbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

\*\*Miðað við 12,5% ávöxtun síðustu fimm ára.

## Svona erum við

&gt; Mannfjöldi á Íslandi eftir fæðingarlandi 2004



Heimild: Hagstofa Íslands

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL GREINING: ÚTRÝMING DÝRA

## Ekki alltaf nákvæm vísindi

Mikið er talað um útrýmingu dýrategunda vegna aukinnar fólksfjölgunar og því að menn móti jörðina eftir sínu höfði í æ ríkara mæli. En eflaust eru margir sem ekki eru vissir um hvað það þýðir nákvæmlega, þegar dýrategund er í útrýmingarhættu, hvernig það er skilgreint, eða hvernig sé brugðist við því.

## Hvenær er tegund í útrýmingarhættu?

Fjöldi einstaklinga vegur að sjálfsögðu þungt í þessu samhengi, en margt annað spilar inn í. Til að mynda dreifing tegundarinnar og varðveisla búsvæðis hennar, prósentuleg fjölgun eða fækkun yfir lengra tímabil, geta til fjölgun-

ar, fjöldi náttúrulegra óvina og ásókn manna. Þegar um er að ræða tegundir þar sem erfitt er að telja eða áætla fjölda stakra dýra, eins og með mörg skordýr, er aðallega horft til dreifingar í samanburði við fyrri ár. Skiptar skoðanir eru um hvenær setja eigi tegundir á lista yfir tegundir í útrýmingarhættu og hvenær eigi að taka þær aftur af honum eftir bata. Taka verður mið af því að þetta eru ekki alltaf nákvæm vísindi, og tegundir sem lýstar hafa verið útdauðar finnast oft aftur, til dæmis ef tegundin hefur flust búferlum.

**Hversu margar tegundir eru í útrýmingarhættu?** Samkvæmt lista Alþjóðanáttúruverndarsambandsins sem var síðast uppfærður árið 2004, eiga 15.503

tegundir undir högg að sækja. 8.321 þeirra eru plöntur, tvær eru þörungategundir og 7.180 þeirra eru dýrategundir. Þessi listi er sá yfirgrípsmesti þótt hann sé engan veginn tæmandi. Þessi listi var gerður til að auðvelda lagasetningu vegna náttúruverndar og vekja fólk til umhugsunar um áhrif þess á umhverfið.

**Hversu stór þáttur í útrýmingu dýra er maðurinn?** Maðurinn hefur haft gríðarleg áhrif á plánetuna frá því hann fór að stunda landbúnað og jafnvel fyrr. Það er hins vegar hæpið að rekja alla útrýmingu eða fækkun til mannsins. Tegundir hafa risið og hniðið í milljónir ára af eðlilegum örsökum, einfaldlega helst úr lestinni í kapphlaupi Darwins. Vísindamenn eru þó nokkurn veginn sammála um að dregið hafi úr fjölbreytileika dýraríkisins.



## SPURT &amp; SVARAÐ

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

## Spennandi möguleikar

Eypór Arnalds, tónlistar- og athafnamaður, hefur búið í London undanfarin misseri en er nú snúinn heim og sestur að í Árborg. Þar gefur hann kost á sér í forystu á lista Sjálfstæðisflokksins.

## Ertu alfarið fluttur heim?

Já, ég er fluttur heim. Ég er enn að sinna störfum erlendis en geri það eins og ég get héðan og er að reyna að færa þessi verkefni heim.

## Hvers vegna Árborg?

Þetta er falleg sveit og henni fylgir mikil vísindi. Þetta er í sjálfu sér stutt frá höfuðborginni og mjög vaxandi svæði með spennandi möguleika, og svo er þetta líka kærkomin breyting frá neðanjarðarlestum og þröngum götum.

## Hverju ætlar þú að áorka ef þú nærð kjöri?

Ég ætla að reyna að koma til móts við þessa miklu fjölgun sem hér hefur átt sér stað og reyna að veita betri þjónustu, bæði í skipulagsmálum og skólumálum. Ég vil koma þessu sveitarfélagi í fremstu röð á flestum sviðum.

EYÞÓR ARNALDS  
Tónlistar- og athafnamaður.

Gasdeila Rússa og Úkraínnumanna, sem olli truflunum á gasflutningum til Vestur-Evrópu, var nýjasta áminningin um það hve háð Evrópa er innflutningi á orku, ekki síst frá svæðum þar sem pólitískum og efnahagslegum stöðugleika er ábótavant. Evrópskir ráðamenn þurfa nú að leggja undir feld og finna ráð sem gera þjóðir álfunnar minna háðar slíkum innflutningi.

Talsmenn Evrópusambandsins skoruðu í vikunni á ráðamenn aðildarríkjanna að íhuga aðgerðir til orkusparnaðar, gera meira í að virkja endurnýjanlega orkugjafa og endurskoða afstöðuna til kjarnorkunnar. „Eins lengi og við eyðum sífellt meiru í kaup á orku utan frá verðum við sífellt háðari öðrum,“ sagði Andris Piebalgs, sem fer með orkumál í framkvæmdastjórn ESB. „Við ættum að einbeita okkur meira að þeim orkulindum sem við höfum sjálf yfir að ráða.“

Í mörgum löndum meginlandsins vöknudu menn upp við vandan draum núna eftir áramótin þegar skyndilega barst mun minna jarðgas um leiðslurnar frá Rússlandi, en úr þeim kemur um fjórðungur



**KJARNORKA** Flutningalest með kjarnorkueldsneytisúrgang í sérsmiðuðum geymum eður frá kjarnorkuverinu í Biblis í Þýskalandi. Þótt kjarnorkunni sé margt fundið til foráttu er fylgismönnum hennar að vaxa fiskur um hrygg um þessar mundir í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

alls aðkeypts jarðgass í álfunni. Megnið af rússneska gasinu fer um Úkraínu, um leiðslur frá tímum Sovétríkjanna sálugu.

Þetta var önnur slíka áminningin til Evrópuþjóðanna á stuttum tíma, síðan olíuverð skaut upp úr öllu valdi í fyrra og fór yfir 70 dollara fatið.

## Þverrandi jarðefnaeldsneyti

Breyti ESB-þjóðirnar ekki orkueygzluvenjum sínum munu þær þurfa að flytja inn 70 prósent allrar orkuþarfar sinnar árið 2030. Og þá verða þær í harðri samkeppni um þverrandi jarðefnaeldsneytisbirgðir heimsins, ekki síst við orkuhugnaðar risaþjóðirnar í Asíu, Kínverja og Indverja.

Í kjölfar olíukreppunnar í byrjun áttunda áratugarins gerðu Evrópuþjóðirnar skurk í að virkja olíu- og gaslindir Norðursjávar. En þessar lindir fara nú þverrandi, að sögn Piebalgs. „Málið er núna að fjölga orkuuppsprettunum eins mikið og okkur er frekast unnt.“

Síðastliðið sumar sagði framkvæmdastjórn ESB að aðildarríkin gætu dregið úr orkueygzlu um fimm tung fram til ársins 2020 án þess að það skadaði hagþróun. Framkvæmdastjórnin leggur líka að ríkisstjórnunum að gera meira til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, en hún veldur stærstum hluta þeirrar losunar gróðurhúsalofttegunda sem frá ESB-löndunum kemur.

Piebalgs hefur skammað stjórnir aðildarríkjanna 25 fyrir að standa ekki við markmiðið um að minnst tólf prósent orkunotkunar þeirra komi frá sólarljósi, vindorku og lífrænum orkugjöfum (olíuþlönturækt, lífrænt gas). 12,9 prósent raforku í ESB er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum og vegur þar vatnsorkan þungst. Í Danmörku kom á árinu 2002 rúmlega 13 prósent raforkuframleiðslunnar frá vindorkuverum.

## Endurkoma kjarnorkunnar

Piebalgs vill líka að evrópskir

þetta hlutfall má helst ekki lækka, að sögn Piebalgs.

En kjarnorkan á sér marga féndur í Vestur-Evrópu, þrátt fyrir að vera afkastamesta uppspretta raforku í álfunni. Þrettán af 25 aðildarríkjum ESB reka kjarnorkuver, en allmörg önnur eru staðráðin í að sneiða hjá þessum umdeilda valkosti. Reyndar ákvað samsteypustjórn stóru flokkanna í Þýskalandi fyrir skemmstu að halda fast við þá stefnu sem fyrri stjórn græningja og jafnaðarmanna markaði um að taka öll kjarnorkuver landsins úr notkun á næstu árum. Svíar hyggjast einnig hætta rekstri þeirra tíu kjarnorkuvera sem í landinu eru.

Malcolm Grimston, sérfræðingur í orkumálum við alþjóðastjórnsmála-rannsóknasetrið Royal Institute for International Affairs, RIIA, í Lundúnum, spáir því að viðhorfin séu að breytast hvað varðar kjarnorkuna. Þegar fólk verði ljóst að valkostirnir eru fáir og þeim fylgi líka íþyngjandi vankantar fari kjarnorkan aftur að virðast fýsilegri, einkum og sér í lagi þegar litid er til framfaranna sem orðið hafa í smíði kjarnaofna og í öryggisbúnaði kjarnorkuvera.

Í Finnlandi er verið að byggja nýjan kjarnaofn og í Frakklandi, þar sem 80 prósent raforkuframleiðslu kemur úr kjarnorkuverum, stendur til að byggja ný fljótlega.

## ÚTSALA



gorenje ÖRBYLGJUOFN

Verð kr. 9.900

Áður kr. 15.500

RÖNNING

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími: 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími: 460 0800



**VINDORKA** Vindorkuver undan vesturströnd Jótlands, nærri Esbjerg. Ef Evrópa á nokkurn tímann að orku verður að virkja endurnýjanlega orkugjafa í stóruaknum mæli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölskyldutrú núlifandi kattardýra kannað:

# Forfaðir katta uppgötvaður

Ný DNA-rannsókn á köttum hefur sýnt að sameiginlegur forfaðir allra núlifandi kattardýra var uppi í Suðaustur-Asíu fyrir um ellefu milljón árum, samkvæmt bresku fréttastofunni BBC.

„Með þessari rannsókn skiljum við mun betur hvað það er sem gerir heimilisköttinn að ketti, hvernig hann hefur þróast frá þessum forföður og hvernig hann líkist honum enn í dag,“ sagði bandaríski vísindamaðurinn Warren Johnston í samtali við BBC, en hann og fleiri vísindamenn rannsökuðu DNA

fjölmargra villtra og tamdra kattardýra.

„Jafnframt skiljum við betur hvaða vistfræði- og landfræðilegu atburðir leiddu til þess að hver tegund þróaðist eins og hún gerði.“

Ídageru 37 kattardýrstegundir til og koma þær allar frá þessum eina ketti sem ásamt öðrum spendýrum gekk yfir landbrýr milli heimsálfanna og dreifði sér um þær allar nema Suðurheimskautið. Þar sem fáir steingervir kettir hafa fundist hefur hins vegar reynt erfitt að

rannsaka erfðir kattardýra.

Í grein vísindamannanna í tímaritinu Science kemur fram að heimiliskötturinn er skyldastur villtum köttum Afríku og Evrópu, sem og kínverska eyðimerkurkettinum. Heimiliskettir hófu samvist sína við fólk fyrir um 6.000 árum síðan.

- smk

**VILLIDÝR** Hann virðist ekki mjög hættulegur þessi, en þó á hann sama forföður og ljón og tigrisdýr.



Á Ítalíu og í Bretlandi er líklegt að slíkt endurnýjun kjarnorkuvera verði einnig ákveðin á næstu misserum.

## Skammsýni ráðamanna

Oliver Schaefer, forsvarsmáður Evrópuráðs endurnýjanlegrar orku (European Renewable Energy Council), tjáði AP að það væri raunhæft markmið að Evrópuríkin framleiddu 30 prósent orkuþarfar sinnar með endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2020 og Evrópusambandið yrði þá orðið

**Breyti Evrópu-þjóðir ekki orkunezluvenjum sínum munu þær þurfa að flytja inn 70 prósent allrar orkuþarfar sinnar árið 2030.**

grundvelli spáa sem gera ráð fyrir að olían muni kosta 34 dollara árið 2030. Hver trúir því? Ekki ég, en ég veit hvað vindur mun kosta og hvað sólarljós mun kosta árið 2030 - nefnilega nákvæmlega jafnmikið og núna.“

sjálfbærasta efna hags-svæði heims um orku. En hann segir að á meðan skammsýna. „Við erum að taka ákvarðanir um gasorkuver sem á að reka næstu 30 árin á



FRÉTTASKÝRING  
AUÐUNN ARNÓRSSON  
audunn@frettabladid.is



flugfelag.is | 570 3075

árshátíð - menning - áskorun - hópefli - hvíld - djamm - samstaða - óvissa - upplifun - ævintýri - félög - klúbbar - vinir - samtök - konur - karlar - stelpur - strákar



**BURT ÚR BÆNUM**  
með hópinn þinn

## Komdu hópnum þínum á óvart!

Við gerum hópnum þínum frábær ferðatilboð til allra áfangastaða okkar innanlands, hvort sem ferðinni er heitið norður, suður, austur eða vestur, og til Færeyja að auki. Þið njótið þeirrar fjölbreyttu afþreyingar sem í boði er vítt um land í skemmtun, menningu, ævintýrum og upplifun. Kannaðu hópafargjöldin fyrir þinn hóp og þá möguleika sem í boði eru á hverjum stað í síma 570 3075 eða með því að senda póst á netfangið [hopadeild@flugfelag.is](mailto:hopadeild@flugfelag.is) (Lágmarksfjöldi er 10 manns.)

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS**  
Taktu flugið



geta nálgast það að verða sjálfri sér nóg um

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Sharon hverfur af stjórnmálasviðinu:

## Nýir leiðtogar í Ísrael

Harðlínumaðurinn og fyrrverandi hershöfðinginn Ariel Sharon var af mörgum talinn maður að meiri þegar hann tók ákvörðun um það á síðari hluta nýliðins árs að flytja landnemabyggðirnar frá Gaza og láta Palestínunönnu landsvæðið eftir. Þessi ákvörðun hans féll ekki öllum Ísraelsmönnum vel í geð en á alþjóðavettvangi mæltist þessi gerð hans yfirleitt vel fyrir. Sharon hefur á stjórnmálaferli sínum fyrst og fremst verið þekktur fyrir harðlínustefnu sínu gagnvart Palestínunönnu og sem einn þekktasti hershöfðingi Ísraels hefur hann átt þátt í mörgum mjög umdeildum hernaðaraðgerðum þeirra. Nægir þar að nefna Yom Kippur stríðið 1973 og árás Ísraels á flóttamannabúðir í Beirút 1982. Þess vegna kom mörgum á óvart stefnubreyting hans í haust og þótt margir landsmenn hans lýstu efasemdum um þessar gerðir er engu að síður ljóst að stór hópur fylkti sér að baki Sharon í þessum efnum. Það sýnir mikið fylgi við nýstofnaðan flokk hans Kadima, sem mun þýða áfram.

Skarðið sem Ariel Sharon, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, skilur eftir sig í ísraelskum stjórnmálum og heimspólítíkinni verður vandfyllt. Það er ljóst að hann verður ekki þátttakandi í ísraelskum stjórnmálum á ný þótt hann lifi af heilablóðfallið sem hann fékk á dögum og því taka nú við

*Sharon hefur á stjórnmálaferli sínum fyrst og fremst verið þekktur fyrir harðlínustefnu sínu gagnvart Palestínunönnu og sem einn þekktasti hershöfðingi Ísraels hefur hann átt þátt í mörgum mjög umdeildum hernaðaraðgerðum þeirra.*

óvissutímar í landinu. Sharon hafði á síðustu mánuðum með aðgerðum sínum vakið vonir manna um að friðvænlegra væri fram undan í Mið-Austurlöndum.

Ástandið nú minnr að sumu leyti á það sem ríkti á þessum slóðum fyrir rúmum tíu árum. Þá höfðu Ísraelar og Palestínunönnu nýverið staðfest annað Óslóarsamkomulagið, þegar ófgasinni myrti á Rabin forsætisráðherra við opinbera athöfn. Í kjölfarið tók jafnaðarmaðurinn Peres við embætti forsætisráðherra en sat þar ekki lengi, því eftir kosningarnar voru 1996 settist Netanyahu í stólinn.

Fram undan eru kosningar í Ísrael. Þær höfðu verið ákveðnar í lok marsmánaðar áður en Sharon fékk síðara áfallið og líklegt þykir að sú ákvörðun standi óbreytt. Ehud Olmert, sem tók við forsætisráðherraembættinu í Ísrael í síðustu viku og hélt sinn fyrsta reglulega ríkisstjórnarfund í gær, þykir líklegur til að leiða Kadima-flokkinn, þótt hann þyki ekki eins mikill foringi og Sharon. Þrír nýir forystumenn munu því berjast um völdin í Ísraels í kosningunum i vor, því bæði Verkamannaflokkurinn og Likud-bandalagið hafa valið sér nýja forystumenn. Netanyahu er aftur orðinn hugsanlegur forsætisráðherrakandidat fyrir Likud og hugsanlegt er að sagan frá 1996 endurtaki sig, þegar hann komst til valda. ■

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF.TV



HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á [visir.is](http://visir.is)

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Dýrðarljóni

Steinþór Heiðarsson, einn af pistlahöfundum *Múrsins*, vefrits vinstri grænna, er hneykslaður á umfjöllun fjölmiðla um Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, sem liggur á milli heims og helju eftir heilablóðfall. „Það hefur verið verulega hjákátlegt að fylgjast með fréttatvöngum af heilsufari Ariels Sharon undanfarna daga. Stundum er sagt að allir verði fullkomnir eftir dauðann en dýrðarljóni hinna framliðnu virðist nú vera farinn að seilast í dauðvona fólk líka,“ skrifar Steinþór.

#### Hvernig friður?

„Fyrstu fréttir sumra íslenskra fjölmiðla af heilablóðingi ísraelska forsætisráðherrans 4. janúar gáfu forsmeikinn af því sem koma

skyldi. Þar var sagt að hugsanlegt fráfall Sharons myndi leiða til óvissu og jafnvel átaka, ekki aðeins í Ísrael og Palestínu heldur einnig í Mið-Austurlöndum öllum. Það þarf þýsna hraustlegan heilapvott, veruleikafirringu eða hreinræktaða fáfræði til að líta svo á að á þessum slóðum ríki sérstaklega mikill friður eða stöðugleiki um þessar mundir,“ skrifar Steinþór og spyr hvernig þessi friður Ariels Sharon sé í stuttu máli. Hanns svarar: „Vesturbakki Jórdanar, Austur-Jerúsalem og Gólan-hæðir eru herseitin af Ísraelsríki í trássi við alþjóðalög og ályktanir Sameinuðu þjóðanna. Verið er að reisa aðskilnaðarmúr á Vesturbakkanum til að innlima endanlega þau landsvæði Palestínunanna sem Ísraelar ætla sér aldrei að skila, hvað sem tautar og raular.“

#### Harður dómur

Steinþór heldur áfram: „Gaza-ströndinni var skilað í fyrra en Ísraelsher gerir þar loftárásir að vild og hótar jafnvel öðrum þjóðum í þessum heimshluta hinu sama. Í því sambandi er ágætt að minnst þess að Ísrael er kjarnorkuveldi.“ Dómur Steinþórs um forsætisráðherra Ísraels er harður: „Ariel Sharon er stríðsglæpamaður sem hrökklaðist úr embætti þegar farið var að rannsaka fjöldamorð í frægum flóttamannabúðum í Líbanon 1982. Hann braut sér aftur leið inn í ísraelsk stjórnmál með því að kynda upp gamalt ófriðarbal fyrir botni Miðjarðarhafs árið 2000 og hirða formannssætið í Likud-flokknum. Nýlega yfirgaf hann svo Likud og stofnaði nýjan flokk, Kadima, sem spád hefur verið mikilli velgengni í þingkosningunum sem fram fara í lok mars.“

gm@frettabladid.is

## Græðgi

Hvað er hægt að borða margar appelsínur í einu? Hvað er vert að borða margar appelsínur í einu?

Græðgi er athyglisbrestur. Hún er það hugarástand að vera ekki með hugann við líf sitt; sá gráðugi tekur ekki eftir þeirri appelsínu sem snædd er hér og nú, kemst ekki að henni fyrir hugsunum um allar þær appelsínur sem hann gæti eignast og verður að eignast því nú sé einhver annar að njóta betri appelsínu. Græðgi er vansæld, taugabilun - djúp óhamingja. Græðgi er ormur óseðjandi sem tekur sér bólfestu í sálum manna og nagar.

Græðgi er vond. Á meðan sá gráðugi nærir ófullnægju sína yfir öllum hinum óétnu appelsinum ævi sinnar líður stundin hjá, raunverulega stundin. Allir sannir gormar víta hvílik nautn það getur verið að snæða appelsínu sem er safarík og góð, hvort sem við aðhyllumst þá aðferð að rífa hana með hægð niður í báta eða tanna kjötið af berkinum - eða jafnvel að sjúga hana gegnum sykurmola eins og maður fékk stundum að gera þegar ég var lítill: en appelsínuatið verður ekki sönn nautn nema maður sinni því af alúð, borði eina í einu af lifandi athygli.

Við tengjum farsæld okkar við líðan okkar. Og líðan okkar tengjum við neyslu okkar.

Neyslu okkar tengjum við svo við launin okkar. Því meiri laun, því meiri neyslumöguleikar, því betri líðan - því meiri farsæld. Daglegt guðspjall auglýsinganna hefur búið til þessa hringrás í lífskjarahugmyndum okkar. Kapítalisminn er byggður á þessum eilífa kláða. Og samt langar okkur að komast burt - úr þessu neyslu- og efnishygguvit, burt frá öllu þessu drasli, burt á annað tilverusvið. Auk efnalegs öryggis og mannlegra samskipta þurfum við á því að

### Í DAG HÁLAUNAMENN

GUÐMUNDUR ANDRÍ  
THORSSON

*Græðgi er athyglisbrestur. Hún er það hugarástand að vera ekki með hugann við líf sitt.*

halda að hafa á tilfinningunni að við eigum kost á öðru tilverusviði. En þá gleymum við því að við komumst einungis burt með því að vera hér... Þetta er kannski farið að hljóma svolítið eins og taóísk þvæla - en það er sem sé bara hægt að borða eina appelsínu í einu.

Græðgi er andfélagsleg hegðun, eins og fyller í almannaferi eða annar dónaskapur. Hálaunamaður sem gerir samning um enn hærri laun sem hann þarf ekkert á að halda er eins og alkohólisti „í neyslu“, hann veit að framferð hans er orðið ofboðslegt og veldur almennri andúð og hefur snúist upp í andhverfu þess sem til var stofnað í upphafi - það er að segja að afla viðkomandi meiri virðingar meðal samferðafólks - en samt gerir hann enn fátíðlegar kröfur um ofurkjör, hann er búinn að missa alla stjórn á aðstæðunum, ræður ekki við sig, er í einhvers konar vímu. Háu launin snúast ekki lengur um peninga, afkomuöryggi eða virðingu heldur löngun til að skera sig úr, nánast segja sig úr lögum við samfélagið. Þegar forstjórnunum finnst taka því á annað borð að svara umræðunum um ofurlaunin þá muldra þeir yfir-

leitt eitthvað með fýlusvip um sína miklu ábyrgð og það sem tíðkist í alþjóðlegu umhverfi - eins og þeir séu ekki lengur staddir hér eða í öðrum samfélögum venjulegs fólks heldur á nokkurs konar forstjóraeyju einhvers staðar þar sem ríkir eilíft Saga class og feitir kettir liggja malandi og sleikjandi út um við hvert fótmál.

20. öldin færði okkur Íslendingum mikla velsæld og góð almenn lífskjör. Seinni hluti hennar færði okkur líka annað sem ekki er síður mikilsvert: meiri jöfnuð í lífskjörum, menningu og neyslu en víðast hvar. Stundum gleymist nefnilega að fram eftir síðustu öld þótti eðlilegt að sumt fólk þjónaði öðru fyrir smáanarlausn. Slíkt hlýtur að vera niðurlægjandi fyrir alla. Smám saman þróaðist samfélagið þannig að iðnaðarmenn og sjómenn, sundlaugaverðir og listamenn, forstjórar og fulltrúar, rúkkarar og háskólakennarar - allt þetta fólk bjó saman í einni menningarlegri bendu, börnin þess gengu saman í skóla og giftust svo tvíst og bast; samfélagið var á fleygiferð og þegnarnir klifrandi upp og niður launa- og virðingarstigana. Slíkt samfélag er dýnamískt. Samfélag þar sem stéttaskipting er rótgróin staðnar hins vegar; því er það slæmt fyrir gjörvallt samfélagið ef bilið verður of breitt milli ríkra og snauðra, burtséð frá augljósu óréttlætinu. Og svo hefur áreiðanlega enginn gott af því að hafa of hátt kaup, slíkt skapar bara taugaveiklun og vansæld, því við erum þeim takmörkunum háð að geta bara borðað eina appelsínu í einu.

Stjórnir stórfyrirtækja ættu því næst þegar forstjórnir koma með furðulegar kröfur að bjóða þeim upp á jógatíma. Eða gefa þeim Bókina um Veginn. ■

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna  
viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@frettabladid.is](mailto:ritstjorn@frettabladid.is) og [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) VEFANG: [visir.is](http://visir.is) UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Ljónaveisla

## Stökktu strax á ljónið á einstöku tilboði

Komdu strax.  
Takmarkað  
framboð



[www.peugeot.is](http://www.peugeot.is)

Frábært innlegg í sparnaðarmarkmið ársins: Þú getur sparað stórlega ef þú ert snar í snúningum NÚNA og nærð í þinn útvalda Peugeot á stórlækkuðu verði. Veldu frumlegasta, skemmtilegasta eða flottasta ljónið á veginum eða þá eiginleika sem þér þykja bestir. Peugeot hefur þá alla; glæsilegan stíl, hugvitsamlega hönnun, fjölbreytta tækni og frábæra aksturseiginleika. Ótrúlega mikið fyrir ótrúlega lítið. Þú kemur og setur saman þinn pakka í þinn útvalda Peugeot og við semjum um verðið. Betra boð gerist varla.



PEUGEOT



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**

Reykjanesbær, **Bílavík** sími 421 7800 • Akranes, **Bilver** sími 431 1985  
Akureyri, **Höldur** sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn** sími 481 1535

RICHARD M. NIXON (1913-1994)  
FÆDDIST PENNAN DAG.

„Ég hefði orðið góður páfi.“

Richard M. Nixon var forseti Bandaríkjanna frá 1969 en sagði af sér árið 1974.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



Baltasar Samper  
listmálari er 68 ára.



Böðvar Guðmundsson  
ríthöfundur er 67 ára.

**Helgi Laxdal**, formaður  
Véltjórafélags Íslands, er 65 ára.

**Ólafur Proppé**, rektor  
Kennaraháskóla Íslands, er 64 ára.

**Jón Gunnar Grjetarsson**  
blaðamaður er 45 ára.

**Teitur Örlýgsson**  
körfuknattleiksmaður er 39 ára.

## ANGLÁT

**Árni Vilhelm Jónsson**, Hraunbæ  
103, Reykjavík, lést á Landspítala  
Landakoti fimmtudaginn 5. janúar.

**Brynja Sigurðardóttir**, Reynimel  
72, lést á Landspítalanum við  
Hringbraut fimmtudaginn 5.  
janúar.

**Gestur Ingvi Kristinsson**, Torfn-  
esi, Hlíflí 1, Isafirði, áður Hlíðarvegi  
4, Suðureyri, lést á Fjórðungs-  
sjúkrahúsi ísafjarðar fimmtudag-  
inn 5. janúar.

**Jón Ingi Tómasson** er látinn. Útför  
hefur farið fram í kyrrþey.

**Ólöf Inga Ólafsdóttir** er látin.  
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

## JARÐARFARIR

13.00 **Daníel D. Bergmann**,  
fyrrverandi bankaútibús-  
stjóri, Langagerði 82,  
verður jarðsúnginn frá  
Bústaðakirkju.

13.00 **Guðmunda Þorbjörg Jóns-  
dóttir**, frá Kjörvogi, verður  
jarðsúngin frá Fossvogs-  
kirkju.

13.30 **Dagur Hermannsson**,  
Snægili 6, Akureyri, verður  
jarðsúnginn frá Akureyrar-  
kirkju.

15.00 **Ásta Guðmundsdóttir**  
verður jarðsúngin frá Fossvogs-  
kirkju.



**PÓLFARI** Gunnar sló hraðamet  
þegar hann keyrði á Suðurlá-  
ninni í lok árs 2005.

## Sunnlendingur ársins 2005

Gunnar Egilsson, pólfari,  
bílasmiður og skipstjóri,  
var í vikunni nefndur  
Sunnlendingur ársins í  
Hólmaröst á Stokkseyri.  
Gunnar fékk afgerandi  
kosningu sem fram fór  
á vefnum sudurland.is  
en forsvarsmenn  
vefsins, Sunnlenska og  
Fréttir, afhentu Gunnar  
verðlaunagrip eftir  
hjólin Guðlaugu Helgu  
Ingadóttur og Þór Sveins-  
son.

Gunnar vann sér það  
til frægðar í lok síðasta  
árs að slá hraðamet á  
landi frá Patriot Hills  
á Suðurlánni og bæta  
um betur og slá eigið  
hraðamet á bakaleiðinni  
afpólnum. Farartækið var  
Ford Econoline 6x6 bíll  
sem Gunnar sérsmíðaði  
ásamt starfsmönnum  
sínnum og útbjó fyrir  
þennan leiðangur. ■

## PETTA GERÐIST > 9. JANÚAR 1972

# RMS Queen Elizabeth fær vota gröf

Á þessum degi árið 1972 braust út eldur um borð í skipinu RMS Queen Elizabeth þar sem það lá í höfninni í Hong Kong. Næsta morgun var þetta fræga skip sokkið á hafsbottinn.

Fyrsta ferð þessa glæsilega 200 þúsund hestafla farþega-  
skips, sem skreytt var í art deco  
stíl, var farin frá Southamton  
á Englandi árið 1946. Áður  
en skipið gegndi hlutverki  
sem ríkmannlegt farþega-  
skip bjónaði það hins  
vegar sem flutningaskip í síðari heimstyrjöldinni.  
Bygging skipsins hófst í byrjun fjórða áratugarins í  
skipasmíðastöð í Skotlandi. Skipið átti að verða stærra  
og glæsilegra en nokkurt annað skip í heiminum  
á þeim tíma. Hins vegar olli síðari heimsstyrjöldin



RMS QUEEN ELIZABETH

1968. Kaupandinn var taivanskur auðjofur, C.W. Tung. Tung endurskýrði skipið Seawise University og átti það að bjóna sem fljóttandi lærdómssetur. Þegar breytingum á skipinu voru því sem næst lokið árið 1972 blossaði upp eldur og geryðilagðist Queen Elizabeth á skömmum tíma.

Því að ekki var hægt að ljúka við finpússningu skipsins. Það var í snarheitum gert sjófært til að hægt væri að nota það í stríðsrekstri en skipið flutti mikið magn vista og hermanna fyrir bandamenn allt til stríðsloka.

Queen Elizabeth var selt á uppboði árið

## MERKISATBURÐIR

1799 Bäsendaflóðið, mesta sjávarflóð sem sögur fara af, verður um landið suðvestanvert.

1806 Nelson flotaforingi er jarðsúnginn í St. Pauls dómkirkjunni í London.

1957 Breski forsætisráðherrann Anthony Eden segir af sér vegna heilsuþrests.

1964 Tunnuverksmiðjan á Siglu-  
firði brennur til ósku.

1982 Hús Íslensku óperunnar við Ingólfsstræti er vígt.

1986 Tilkynnt er að Hafliði Hallgrímsson hljóti tónskálda-  
verðlaun Norðurlandaráðs  
fyrir verkið Poemi.



EKKI AFTUR Í PÓLÍTÍK Kjartan þvertur fyrir að hann ætli sér aftur í pólitík en hann sat bæði á Alþingi og í ríkisstjórn áður en hann varð sendiherra.

## KJARTAN JÓHANNSSON: HÆTTUR SEM SENDIHERRA OG FLUTTUR HEIM

# Ein samfelld samningalota

„Þú meinar, how do you like Iceland?“ segir Kjartan Jóhannsson og hlær þegar blaðamaður innir hann að því hvernig sé að vera kominn heim. Kjartan hefur síðastliðin ár starfað sem sendiherra Íslands í Brussel en lét af störfum um áramót. „Þetta er allt samkvæmt áætlun, við vorum búin að setja okkur það fyrir löngu síðan að koma heim um þetta leyti og við erum að koma okkur fyrir. Það er ósköp ánægjulegt að hitta bæði kunningja og ættingja og rifja upp hvernig það er að búa á Íslandi,“ segir Kjartan glaðlega en hann hefur búið erlendis að mestu síðan 1989 þegar hann tók við sendiherrastöðu í Genf.

Þá starfaði hann einnig sem aðalframkvæmdastjóri EFTA á árunum 1994 til 2000.

„Ég mun minnst þess af góðu einu að hafa allar götur síðan 1989 fengið að takast á við alvörupólitík þar sem tekist er á um mikla hagsmunir. Ég segi ekki að maður sakni þess þegar maður er búinn að reyna þetta og njóta, en maður hugsar stundum til baka,“ segir Kjartan, sem fannst starfið mjög krefjandi enda sendiráðið í Brussel það stærsta á vegum Íslands. „Þetta var í raun ein samfelld samningalota og mikið í húfi,“ segir Kjartan, sem þótti að mörgu leyti mjög gott að búa í Brussel

enda skemmtileg og lifandi borg. „Hún er þekkt fyrir gæði í matargerð og þar er varla hægt að fá annað en það besta á hvaða stað sem þú ferð. Borgin er einnig þekkt fyrir mikið af opnum grænum svæðum og ótrúlega vinaleg að því leyti,“ segir Kjartan og finnst munurinn milli landannaugljós. „Á þessum árstíma er það náttúrlega birtan og reyndar á flestum árstímum,“ segir Kjartan glettinn og finnst það heldur verra á veturna en til mikilla bóta á sumrin.

Þegar haft var samband við Kjartan var hann að dytta að sumarþústað sínum. „Þetta er partur af því að koma sér fyrir,“

segir hann en það er án efa þónokkur handleggur er að koma sér fyrir eftir svo langa útivist og er það aðal verkefni þeirra hjóna um þessar mundir. „Síðan ætla ég að sjá til hvort einhver hafi not af mér. Mér finnst ég sitja uppi með góða menntun og mikla reynslu og ég er ekki alveg dauður,“ segir Kjartan kíminn en þvertur fyrir að hann ætli sér aftur í pólitík, en hann sat bæði á Alþingi og í ríkisstjórn á árum áður. „Ég tel að ég sé búinn með minn skerf í þessum efnun og mínir starfskraftar geta nýst alveg eins vel annars staðar,“ segir Kjartan og horfir bjartstýnn til framtíðar. ■

## Skemmtileg vísindi

Í dag undirrita Háskóli Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kennaraháskóli Íslands samning um stofnun félags sem hefur það verkefni að undirbúa stofnun og rekstur skemmti- og fræðaseturs á sviði vísinda og tækni.

Ástæða þess að hafist er handa við þetta verkefni núna er aukin umræða á undanförunum mánuðum að þörf sé á að auka áhuga ungs fólks á raungreinum og raungreinánámi. Talið er að áhugi ungs fólks á að tileinka sér þekkingu á vísindum og tækni sé ekki eins mikill og nútíma samfélag þurfi á að halda. Þá sé einnig þekkingu kennara og aðstöðu til kennslu í eðlis-, líf-, og jarð-

vísindum ábótavant.

Skemmti- og fræðasetur á sviði vísinda og tækni eru til í flestum stærri borgum og njóta oft á tíðum mikilla vinsælda. Heimsóknir í þessi setur eru víða skilgreindir þáttur í almennu skólastarfi erlendis. Segja má að vísar að vísindasetrum séu þegar til í Reykjavík, annars vegar vísindatjaldidi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og hins vegar Rafheimar hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Ætlunin er að undirbúningsfélagið starfi í eitt ár og að því loknu verði hlutafélag stofnað um reksturinn sem tæki að sér frekari uppbyggingu og framkvæmdir. ■



RANNSÓKNARSTOFA DEXTERS Það er vissulega hægt að hafa gaman að vísindum.

Fróðleikur af gardur.is

“Drottning leiksviðsins á Íslandi”:

**Stefanía Guðmundsdóttir**

Stefanía Anna Guðmundsdóttir var fædd í Reykjavík 29. júní 1876, dóttir Guðmundar Jónssonar trésmiðs og k.h. Önnu Stefánsd. frá Viðvík. Missti móður sína ung, og faðir hennar fluttist til Vesturheims. Ólst svo upp með frænku sinni á Seyðisfirði, í Rvík frá 1889. Lauk þar barna- og Kvinnaskólanámi. 1883 lék hún sitt fyrsta hlutverk. Vann skjótt hugi og hjörtu Reykvikinga. Kynnti sér leiklist í Khöfn 1904–5 og 1914. Meðal aðalstofnenda Leikfél. Rvíkur 1897, lék þar fjölda vandasamra hlutverka, mörg af fágætri snillið. Þorsteinn Erlingsson kvað leiklistina á Íslandi "landnám Stefáníu." 25 ára leikafmælis hennar var hátíðlega minnt. Dvaldist árlangt í N-Ameríku í boði V-Íslendinga 1920–21, lék þá í 7 leikritum í fjölda leiksvýninga víða. Lék í kvikmyndinni Sögu Borgarættarinnar 1919. Rak dansskóla. Veitti tilsógn í framsögn og sviðsframkomu. Form. LR einn vetur. Varð sjálf kveikjan að stofnun Leikfél. Akureyrar. Á hátindi ferils síns veiktist hún og lézt á 50. aldursári á sjúkrahúsi í Khöfn 16. jan. 1926. Fór útförin fram með viðhöfn í Dómkirkjunni. Tveir sjóðir voru stofnaðir til minningar um hana. Ævisaga hennar, Leyndarmál frá Stefáníu e. Jón Viðar Jónsson, kom út 1997. – M.h. (1896): Borgþór Jósefsson, bæjargjaldkeri í Rvík. Áttu sjö börn (ættarnafn: Borg), og fengust mörg við leiklist; frægust varð Anna Borg-Reumert í Khöfn.

Meira um hana á gardur.is

Hægt er að setja inn auðveldig líkana Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is





Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
Reykjavík 11.07 13.35 16.03  
Akureyri 11.16 13.20 15.24

Heimild: Almanak Háskólans

## FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

Í dag er mánudagurinn 9. janúar,  
9. dagur ársins 2006.

### FASTEIGNASÖLUR

Ás	10-11
Árborgir	32
Búmenn	4
Búseti	5
Draumahús	17-24
Eignamiðlun Suðurnesja	26
Eignastýring	13
Fasteignastofan	29
FMG fasteignasala	4
FMH fasteignasala	12
Foss	7
HB fasteignir	26
Hof	7
Hóll	15
Hraunhamar	25
Húsanaust	29
Húseign	33
Lundur	14-15
Lyngvík	27
Neteign	6
Nýtt	35
Remax	26
Remax Mjódd	28
Remax Stjarnan	30-31
Smárin	8-9
X-hús	34

**hús** o.fl.

Postulínshátíð í Hlíðarsmáranum bls. 2  
Hugað að frágangi jólaskrattsins bls. 3

**fasteignir** o.fl.

Ólíklegt að verð á húsnæði lækki bls. 13  
Hverfið mitt bls. 16

# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Fallegt útsýni er frá svölunum.

Allar smá-  
auglýsingar  
einnig frítt í  
viku á **visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000  
EÐA Á **VISIR.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁAUGLÝSINGAR  
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ  
SMÁAUGLÝSINGAR  
Á **visir.is**

**visir**

## Nuddbaðkar í nýju húsi

*Fallegt og vel staðsett raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr er til sölu í Kópavogi.*

Fasteignasalan Lyngvík er með fallegt raðhús til sölu, byggt árið 2000. Húsið stendur í Kópavogi og er 217,3 fermetrar að stærð en þar af er 27,2 fermetra bílskúr.

Sérinngangur er að íbúðinni og eru forstofa og hol með fataskápum. Gestasnyrting er með sturtuklefa og út frá svefnherbergisgangi eru þrjú barnaherbergi. Á hæðinni eru einnig sjónvarpshol, geymsla og þvottahús þaðan sem útgengt er í suðausturgarð. Enn fremur er hægt að komast úr geymslu inn

í flísalagðan bílskúr með rafmagni og hita. Frá holinu er stigi upp á efri hæðina. Þar er hjónaherbergi með fataherbergi inni af, hol og fallegt baðherbergi með hornnuddbaðkari. Einnig er eldhús á efri hæðinni með fellegru innréttingu, borðstofa og stofa þaðan sem útgengt er á stórar vestursvalir með góðu útsýni.

Öll gólf eru flísalögð að frátöldu hjónaherbergi, stofu og borðstofu sem eru teppalögð.

Húsinu fylgir garður með afgirtri timburverönd sem snýr í vestur og hellulögðu bílaplani.

Ásett verð er 49,9 milljónir.

## LIGGUR Í LOFTINU [ FASTEIGNIR - HÚS ]

**Fasteignamat ríkisins** hefur gefið út nýja fasteignaskrá. Þar er matsverð einstakra fasteigna skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem yfirfasteignamatsnefnd hefur ákveðið.

**Af 5.150 íbúðum**, sem fullgerðar voru í Reykjavík á árunum 1996-2004, voru 2.025 reistar á þeim svæðum sem skipulögð voru til að þetta byggð. Afgangurinn er á nýbyggingarsvæðunum, svo sem í Grafarvogi og Grafarholi.

**Hundrað og tuttugu** umsóknir bárust í fjórtán lóðir undir hesthús við Kaplaskeið sem Hafnarfjarðarbær auglýsti

fyrir skömmu. Umsóknunum var vísað til umsagnar stjórnar



hestamannafélagsins Sörla en reiknað er með að lóðunum verði úthlutað í lok janúar.

**Reykjaneshöllin** hefur sett upp 9 hlu folfvöll en folf er leikið á svipaðan hátt og venjulegt gólf, nema hvað frísbíðiskar eru notaðir í stað gólfkylfa og bolta.

Við hjálpum þér  
að eignast  
draumaheimilið

## Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánnum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á [fasteignathjonusta@landsbanki.is](mailto:fasteignathjonusta@landsbanki.is)



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)



TEXTÍLGALLERY

SKIPHOLTI 21 (NÓATÚNSMEGIN)  
SÍMI 561 0847

allt  
heilsa

Alla þriðjudaga  
og fimmtudaga

GLÓFAXI HF.  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

**GÍTARINN**  
HEIÐJÓDFÆRAVERSLUN

Opö: Mán-Fös: 10-18  
Lau: 11-16

**Þjóðlagagítar**  
Póki, Stíflaúta, Gítarreglur  
Kr. 13.900,-

**Rafmagnsgítar**  
15 W Magnnet, Póki, Sónar,  
Ól, Gítarreglur, Stíflaúti  
Kr. 22.900,-

**Farfisa Hljómborð**  
Frá Kr. 4.900,-

**Klassískur Gítar**  
Póki, Stíflaúta, Auka Streggasett  
Kr. 12.900,-

Stórhóla 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

**Fataskápar**

**Hirzlan**  
Smíðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ



Djúprauður litur er dýrmætur í postulíni.



Þessi blárósótti vasi er um einn metri á hæð.

## Íburður og einfaldleiki

Kínverskir postulínsmunir í öllum mögulegum stærðum eru á stórri sölusýningu í Hlíðasmára 15 í Kópavogi fram til 22. janúar.

Postulínið teygir sig út á hlað í Hlíðasmáranum og þeir eru margir bæði stórir og skrautlegir munirnir sem þar mæta augum. Maðurinn sem stendur að innflutningnum heitir Matthías Björnsson og hann kveðst hafa verið í þéttu tölvupóstsambandi við Kínverjana áður en hann ákvað að bjóða þeim hingað til lands með þennan óvenjulega varning. „Upplýsingar voru samt aðallega um hvernig ætti að standa að innflutningnum en ég vissi ekki mikið um vöruna sjálfa og gat alveg eins búist við einu tesetti,“ segir hann hlæjandi. Matthías segir nokkra af helstu



Chi Chuanrong prófessor er einn af eigendum postulínsins og eins og sjá má eru sumir vasarnir meira en mannhæðarháir.



Vasarnir eru af mörgum stærðum og gerðum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

framleiðendum kínversks postulíns standa að sýningunni og að áhugi þeirra hafi kviknað í tengslum við opinbera heimsókn forseta Íslands til Kína á síðasta ári. „Þetta er ótvírætt fjölbreyttasta úrval af kínversku postulíni sem komið hefur til Íslands því hér er eins konar þversnið af aðferðum og stíl í postulínsframleiðslu Kínverja á liðnum öldum og fram á þennan dag,“ segir Matthías. Hann segir framleiðendurna frá postulínsbænum Jing De Zhen, sem hefur verið í fremstu röð frá því að Kínverjar fundu upp á því framleiða postulín fyrstir manna fyrir meira en tvö þúsund árum. Sýningin er opin alla daga frá 9-22 til 22. janúar.



Stór ker eru meðal sýningargripa, skreytt dýrindis mynstrum í mörgum lögum. Að baki þessu ker liggur hálfis árs vinna og jafnvel í postulínsbænum Jing De Zhen þykir það kjörgripur.



## RÁÐ frá Raket

RAKEL ÁRNADÓTTIR SKRIFAR UM FUNKISMA

### Steinuð hús

Í síðasta pistli kom fram að eitt af útlitiseinkennum íslenska funkishússins væru steinaðir eða skeljaðir útveggir. Nú skal sagt stuttlega frá sögu steiningar á Íslandi og er þá byggt á nýlegu riti Húsfriðunarnefndar ríkisins um steinuð hús eftir þá Ara Trausti Guðmundsson og Flosa Ólafsson.

Framan af síðustu öld voru steinsteyphúsmistmeðsléttihúðaða eða hraunaða múrveggi. Sigurður Guðmundsson arkitekt þróaði síðarnefndu aðferðina og var aðferð hans kölluð perluhraunun, perluákast eða skvetthraunun sem má sjá til dæmis á verkamannabústöðum við Hringbraut. Fyrsta húsið með steinaðri áferð sem byggt var á Íslandi er Þjóðleikhúsið.

Orðið „steining“ var notað yfir veggjahúðun þar sem mulin steinefni eru fest í lag steinlíms eða múrs á vegg, segir í ritinu. Guðjón Samúelsson arkitekt byggði á norski hugmynd, útfærði hugmyndina frekar meðal annars í samtölum við Guðmund frá Miðdal, en þeim var vel til vina. Í landi Miðdals var gömul gullnáma og hafði Guðmundur viðræð þá hugmynd að

blanda mætti kvasi, sem mikið var af í gullnámunni, í mulning í múrhúð. Þjóðleikhúsið var svo steinað með kvasi og hrafntinnu en Kornelíus Sigmundsson múraramestari sá um verkið.

Talað er um tvö tímabil í sögu steiningar. Fyrsta skeiðið nær frá 1933 til 1960. Þótti aðferðin frekar dýr og erfitt um aðföng, sérstaklega undir lok skeiðsins, því steinefni kvas og silfurberg voru að mestu uppurin. Eitthvað var þó um innflutning á erlendri mól. Á þessu skeiði notuðu sumir skeljamulning í stað grjóts en skeljasandshúðin þótti ekki eins endingargóð og steinhúðin, því hún var brothættari og þoldi illa veðrun. Upp úr 1960 hættu menn næstum að steina hús.

Næsta tímabil í sögu steiningar hefst upp úr 1990. Notuð er önnur aðferð en áður. Steinað er beint á steypa mótafleti án múrhúðunar og notuð eru verksmiðjuframleidd vélhræð steiningarlím og mulningnum sprautað eða dælt með múrsprautu á límið. Glögg má sjá að nokkur hús í Hlíðunum hafa verið endursteinuð á þennan hátt.



Að ýmsu þarf að huga þegar sumarbústaðurinn er skilinn eftir mannláus allan veturinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Frosnar leiðslur ekkert grín

**Að ýmsu er að gá þegar sumar-  
bústaðnum er læst fyrir veturinn  
og margt þarf að athuga hafi  
ekki verið gengið nógu vel frá  
honum í haust.**

Sumarhús á landinu eru milli 11 og 12 þúsund og á hverjum vetri verða vatnsskemmdir í nokkrum þeirra. Viðgerðir á þessum skemmdum eru oft kostnaðarsamar og flestar hefði verið hægt að koma í veg fyrir með réttum undirbúningi um haustið.

Fyrir nokkrum árum gaf Rannsóknarstofnun byggingar- iðnaðarins út bækling um vatns- veitu-, hitaveitu- og fráveitulagnir í dreifbýli. Í honum kemur fram að best er að hafa allt vatnsinntak í skáp utan á húsinu, þannig að ef

rör springa flæðir bara í kassann en ekki inn í húsið sjálft.

Að sjálfsögðu þarf að skrúfa fyrir vatnið og tæma leiðslurnar þegar skilið er við húsið á haustin, því ef vatn frýs í keramik- eða járnörum þá þenst ísinn út og getur sprengt rörin utan af sér með fyrirsjáanlegum afleiðingum.

Sumir hella umhverfisvænum frostlegi í vatnslása á haustin, svo sem í sturtubotna og salerni, til að koma í veg fyrir að vökvinn sem liggur í rotþróm frjósi. Þó ber að geta að þar sem rotþrær eru oftast mun stærri rör úr steypu eða plasti, þá er meira pláss í þeim, svo það kemur yfirleitt ekki að sök þó þær frjósi.

Ef hiti er skilinn eftir á húsinu þarf að fylgja reglum framleiðanda um meðferð lagnanna á



Hörkufrost getur skemmt lagnir í sumarbústöðum, hafi ekki verið gengið rétt frá þeim um haustið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

veturna, en almenna reglan er sú að kerfið þarf að vera lokað og á haustin er frostlegi hellt í það til að koma í veg fyrir skemmdir. ■



Lára Jónsdóttir með jólaseriurnar í Blómavali.

## Jólaskrautið í geymslu

**Jólin eru liðin og tími til að  
pakka saman jólaskrautinu.**

**Það er ekki sama hvernig það  
er gert eins og Lára Jónsdóttir,  
garðyrkjufræðingur í Blómavali,  
leiðir okkur í sannleikann um.**

„Ef jólasería sem tekin er niður er biluð á ekki að pakka henni niður,“ segir Lára. „Þá á að henda henni eða gera við hana, ekki bíða með það til næstu jóla.“ Þó að fæstir nenni að gera við jólaseríur í janúar og febrúar er gott að hugsa til þess tíma sem fór í peruleikfimi í desembermánuði og allt það sem þú vildir heldur nýta tímann í. Lára mælir líka með því að seríum sé pakkað í kassa, jafnvel skókassa af jólaskónum, og að kassinn sé merktur með tegund seríunnar og hvar hún var staðsett. „Svo er þetta sett í geymslu og svo lengi sem umhverfið sé þurr og eiga allar sveiflur í hitastigi að vera í lagi,“ segir Lára.

Það sama á við útiseríurnar en vilji fólk hafa allan vara á þarf hjálp traustasta félaga heimilishaldsins, alhliða

undraoliunnar WD-40. „Nú eru margir komnir með útiseríur með skrúfuðum perum og í vatnsveðrum getur selta komist í seríurnar. Hún getur mögulega valdið ryði svo gott er að úða smá WD-40 í perustæðin til að hindra ryðmyndun,“ segir Lára.

Lára leggur mikið upp úr því að merkja allt jólaskraut, þar með talda varaperur. Þetta á sérstaklega við um inniseríurnar þar sem mismunandi fjöldi pera kallar á missterkar perur. Frágangur á flestu öðru jólaskrauti skýrir sig sjálfur. Það þarf aðallega að sjá til þess að hlutir brotni ekki og eru dagblöð og blöðruplast tilvalin til varnar viðkvæmum jólaskreytingum.

**SJÚKUSTU FANTASÍUR PINAR VERÐA AÐ VERULEIKA!**  
Stranglega bönnuð innan 16 ára

★★★★  
...áflugaverð og fágúð kvikmynd sem veitir ferskum straumum inn í íslenska kvikmyndagerð

★★★★  
- HJ MBL

★★★★  
...eiturgóð mynd...  
Sirkus 30.12.05

★★★★  
- D.Ó.J. kvikmyndir.com

★★★★  
- Ó.Ó.H. DV

Stórkostleg ævintýramynd frá meistara Terry Gilliams byggð á hinum frábæru Grimms ævintýrum með Matt Damon og Heath Ledger í aðalhlutverkum

**HOSTEL**

Sýnd kl. 8 og 10 kl. 16

★★★★  
...líklega besta kvikmyndatónlist Íslendinga til þessa"  
VG - Fréttablaðið

20% afsláttur af miðaverði fyrir viðskiptavinum KB banka

**A LITTLE TRIP TO HEAVEN**

Sýnd kl. 6, 8 og 10

Stórkostleg ævintýramynd frá meistara Terry Gilliams byggð á hinum frábæru Grimms ævintýrum með Matt Damon og Heath Ledger í aðalhlutverkum

★★★★  
...mikið og skemmtilegt sjónarspil... - HJ MBL

**JUST FRIENDS**

Sýnd kl. 5.45

Sýnd kl. 8 og 10 kl. 14

**JÓLAMYNDIN Í ÁR**

**DRAUMALANDIÐ**

Sýnd kl. 6 kl. tal

ISLENSKT TAL

www.laugarasbio.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**O**furparið Justin Timberlake og Cameron Diaz bjargaði nýlega slösuðum skíðamanni í brekkunum í smábænum Telluríde í Colorado-riki. Voru þau í fríi um jólin og notuðu hátíðarnar til skíðaiðkunar. Skíðamaðurinn sem þau björguðu hafði dottið illa og brotið á sér báða fætur.



„Allir sem urðu vitni að slysinu horfðu á nema Justin og Cameron. Þau hlúðu að þeim slasaða þangað til björgunarsveitir komu á staðinn“ sagði kona sem varð vitni að atburðinum.

**S**autjándi janúar sverður líklega ekki skemmtilegur fyrir Paris Hilton. Þann dag er hún fóst í dómshúsi þar sem hún er kærð í tveimur



mismunandi málum fyrir meidryðri. Fyrirsætan Zeta Gruff kærir Hilton fyrir að koma loginni sögu í slúðurblöðin á meðan klúbbaeigandinn Brian Quintana vill meina að Hilton hafi hóttað honum lífláti í gegnum síma.

**N**ick Lachey, fyrrum eiginmaður Jessicu Simpson, hefur viðurkennt í viðtali við tímaritið Elle að hann hafi haft gaman að því að ganga um í skóm eiginkonunnar



þegar þau voru enn gift. „Það var einn af þessum hlutum sem við gerðum til gamans“. Lachey hefur einnig viðurkennt að Jessica sé kynþokkafyllsta manneskja sem hann hafi nokkurn tímann augum litið. „Hún er í einu orði sagt rosaleg.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**S**öngkonan Christina Aguilera segist ekkert skilja í meidandi ummælum Kelly Osbourne, dóttur rokkanans Ozzy, í sinn garð að undanförmu. Heldur hún að jafnvel liggi eitthvað annað þar að baki. „Kelly hlýtur að vera skotin í mér því hún er alltaf að segja slæma hluti um mig.“ sagði Aguilera. Kelly og Aguilera hafa lengi átt í deilum og sér ekki fyrir endann á þeim með þessum ummælum Aguilera.



**L**eikararnir John Travolta og Tim Allen eru í viðræðum um að taka að sér aðalhlutverkin í myndinni Wild Hogs. Fjallar hún um tvo mótorhjólakappa sem fara í ferðalag í leit að nýjum ævintýrum. Komast þeir meðal annars í kynni við liðsmenn Hells Angels.

**L**eikkonan Kirsten Dunst og Jake Gyllenhaal, sem hættu saman fyrir nokkru síðan, sáust óvænt saman í partíi á gamlárskvöld. Dönsuðu þau saman á skemmtistaðnum Teddy's í Los Angeles og fóru víst ágætlega á með þeim. Á meðal þeirra sem voru einnig á staðnum voru Prince, Joaquin Phoenix, Courtney Love og Mary-Kate Olsen.



**H**ljómsveitin Weezer gefur út nýjan DVD-mynddisk síðar á þessu ári. Þar verður að finna efni frá tónleikum sveitarinnar í Japan í síðasta mánuði. Weezer hefur lokið tónleikaferðalagi sínu um heiminn vegna plötunnar Make Believe og er nú komin í pásu sem mun standa yfir í óákveðinn tíma. Forsprakinn Rivers Cuomo mun halda áfram með nám sitt í Harvard í næsta mánuði og stefnir á útskrift í júní með gráðu í ensku. Hann byrjaði í háskólanum á nýjan leik snemma á síðasta ári eftir átta ára hvíld.



# Línuýsa

# Hrogn og Lífur

# Smálúða, Stórlúða,

# Laxaflök

# Fiskibollur, Fiskréttir

**Fiskbúðin Hafrún**  
Skiopholti 70  
Sími 553 0003

**Fiskbúðin Árbjörg**  
Hringbraut 119  
Sími 552 5070

**Fiskbúðin Vör**  
Höfðabakka 1  
sími 587 5070



ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN	HÁSKÓLABÍÓ
RUMOR HAS IT KL. 3.50-6-8.10-10.20	CRONICLES OF NARNIA KL. 7.45	DOMINO KL. 8-10.50 B.I. 16	DOMINO KL. 5.30-8-10.40 B.I. 16
DOMINO KL. 5.30-8.10-10.45	JUST LIKE HEAVEN KL. 8	CRONICLES OF NARNIA KL. 5-8-10.30	RUMOR HAS IT KL. 6-8-10.05
CRONICLES OF NARNIA KL. 5-8-11	SAW 2 KL. 10.30 B.I. 16	KING KONG KL. 9 B.I. 12	CRONICLES OF NARNIA KL. 5.15-8-10.45
CRONICLES OF NARNIA VIP KL. 5-8-11	GREEN STREET HOOLIGANS KL. 10 B.I. 16	JUST LIKE HEAVEN KL. 6	KING KONG KL. 5.30-9 B.I. 12
KING KONG KL. 6-8-10 B.I. 12	<b>AKUREYRI</b>	HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6 B.I. 10	HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6-9 B.I. 10
HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 5 B.I. 10	RUMOR HAS IT KL. 6-8-10.30		
LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 4	CRONICLES OF NARNIA KL. 5-8		
	KING KONG B.I. 12 KL. 10		

ALFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

## Hollywood-hjónaband sem gengur upp

Reese Witherspoon gæti verið með svarið við langlífu Hollywood-hjónabandi. Witherspoon, sem hefur verið gift leikaranum Ryan Phillippe seinustu 7 árin, segir að þau ferðist ávallt saman þegar hinn aðilinn er að gera kvikmynd.

„Við reynum eftir fremsta megni að láta vinnuna ekk stífa okkur í sundur. Þegar ég er að vinna að kvikmynd koma Ryan og börnin mín tvö með mér á tókustað og við reynum að vera eins mikið saman og við getum. Ég hef reynt að líta til þeirra hjónabanda í Hollywood sem hafa verið hvað langlífust og ég hef reynt að læra af þeim. Við Ryan erum bestu vinir og erum svo heppin að eiga bæði foreldra sem hafa verið gift í áratugi.“ Phillippe er þó ekki bara í uppeldislutverkinu á meðan Witherspoon sér um leiklistina. „Ég er sú sem fylgi með í þetta skiptið þar sem Ryan er að leika í kvikmyndinni Flags of Our Fathers sem verður að taka upp í Toronto um þessar mundir“ segir Witherspoon. Hún bætir því við að það sé aldrei gott þegar makinn þarf að segja frá



REESE WITHERSPOON OG RYAN PHILLIPPE ERU HAMINGJUSAMLEGA GIFT öllum skemmtilegu stöðunum sem hann heimsótti við tókur. „Það er þá betra að koma með og upplifa þetta með honum.“ ■

## Meinaður aðgangur að kærustunni

Leikaranum Jude Law hefur verið bannaður aðgangur að kærustu sinni, Siennu Miller. Þannig er mál með vexti að Sienna er við tókur á kvikmyndinni Factory Girl sem fjallar um heróínufíkilinn Edie Sedgwick, sem var í gengi listamannsins Andy Warhol á sínum tíma. Leikur Sienna hlutverk Edie í myndinni. Framleiðendur myndarinnar voru harðir á því að þeir vildu enga fjölmiðlaumfjöllun á meðan á tókum stæði og því var öllum óviðkomandi bannaður aðgangur að tókustaðnum, þar á meðal Jude Law. Heimildarmaður götublaðsins The Mirror segir þessa ákvörðun hafa verið tekna vegna þess að það hafi verið svo mikil athygli á Jude og Siennu undanfarið. „Framleiðendur myndarinnar vilja að Sienna einbeiti sér að leik sínum í stað þess að hugsa um samband sitt við Jude Law. Þetta er tiltölulega lítil framleiðsla og það má ekkert út af bregða ef vel á að fara. Þeir hafa þegar breytt tókuáætluninni bara til þess að Sienna geti tekið þátt í myndinni. Þeir vilja einfaldlega að ekkert fari úrskeiðis.“ ■



JUDE OG SIENNA MEGA EKKI HITTAST Á VINNUTÍMA NÆSTU VIKURNAR



COLDPLAY Hjómveitin Coldplay átti söluhæstu erlendu plötuna hér á landi á síðasta ári.

## Coldplay söluhæst

Þriðja breiðskífa bresku sveitarinnar Coldplay, X&Y, var söluhæsta erlenda platan hér á landi á síðasta ári.

Seldist hún í 6.000 eintökum en platan í öðru sæti, Piece by Piece með Katie Melua, seldist í 5.400 eintökum. Í þriðja sæti varð James Blunt með plötuna Back to Bedlam sem hafði meðal annars að geyma slagarann High.

### 10 SÖLUHÆSTU ERLENDU PLÖTURNAR

1. COLDPLAY X&Y
2. KATIE MELUA PIECE BY PIECE
3. JAMES BLUNT BACK TO BEDLAM
4. BLACK EYED PEAS MONKEY BUSINESS
5. EMINEM CURTAIN FALL
6. ROBBIE WILLIAMS INTENSIVE CARE
7. SYSTEM OF A DOWN HYPNOTIZE
8. EUROVISION 2005
9. SYSTEM OF A DOWN MEZMERIZE
10. KORN SEE YOU ON THE OTHER SIDE

## Sakaskráin hvítþvegin

Leikarinn Nick Nolte, sem leikið hefur í myndum á borð við 48 hours og Cape Fear, hefur á undanförunum árum barist hatrammri baráttu við Bakkus. Steininn tók þó úr þegar hann var handtekinn árið 2002 fyrir ölvun við akstur og einnig að keyra undir áhrifum eiturfylfa. Í kjölfarið fór Nolte í meðferð og hefur hann nú verið allsgáður í tæplega þrjú ár. Fyrir nokkrum dögum afmáði dómari í Los Angeles sakaferil leikarans úr skýrslum. Síðan hann hætti í meðferðinni hefur hann reglulega þurft að mæta til dómara og sanna að hann sé á réttri leið varðandi fíkn sína. Í þessari viku lauk svo seinasta fundi Nolte með dómaramanum á þann veg að hann fékk algjöra sakaruppgjöf vegna góðs árangurs. Sagði Nolte í samtali við blaðamenn fyrir utan dómshúsið að hann væri þakklátur dómstólnum fyrir þennan úrskurð og að hann stefndi að því að hjálpa öðru frægu fólki sem berst við



NICK NOLTE HEFUR HANGIÐ ÞURR UPP Á SÍÐASTIÐ

sömu vandamál. „Síðasta ár var ár uppbyggingar hjá mér og ég lærði gífurlega margt um sjálfan mig. Vonandi get ég miðlað þessari reynslu minni til annarra sem glíma við svipuð vandamál,“ sagði leikarinn. ■



NARNÍA Velgengi Sambíóanna og Háskólabíós þessi jól er ekki síst að þakka myndum á borð við Narníu og King Kong sem hafa trekt vel að.


## Met hjá Sambíóunum

Aðsóknin í Sambíóin og Háskólabíó var með besta móti þessi jól og að sögn Christof Wehmeier hjá Samfilm var met slegið þetta árið. „Frá annan í jólum til sjötta janúar komu alls 52.845 manns á sýningar kvikmyndahúsanna,“ segir Christof en gamla metið var 45554 á sama tíma í fyrra. „Þessi glæsilega aðsókn er ekki síst að þakka myndum á borð við King Kong, Narnía og Harry Potter og Eldbikarinn,“ bætir hann við en þessar myndir eiga það sameiginlegt að hafa allar fengið prýðisgóða dóma hjá gagnrýnendum. Þá tækju litlar myndir eins og Rumour Has It alltaf eitthvað til sín en myndin skartar Jennifer Aniston í aðalhlutverki sem er feikilega vinsæl. ■



## GÓLF-MOTTUR við innganginn borga sig

Vörn gegn óhreinindum og bleytu



Úrval gólfmotta til sýnis í verslun okkar

## GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is



### Silkeborg vill Íslendinga

Það er ekki bara Bjarni Ólafur Eiríksson sem er eftirsóttur af Silkeborg. Danska félagið hafði einnig áhuga á að fá Emil Hallfreðsson til sín að láni en þurfti á endanum að lúta í lægra haldi fyrir Malmö í Svíþjóð sem hefur meiri fjárráð á milli handanna og gat borgað Tottenham stærri hluta af launum Emils. Þá hefur Silkeborg einnig áhuga á Herði Sveinssyni.

**sport**  
sport@frettabladid.is

## STANGARSTÖKKVARINN ÞÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR: FÉKK EKKI AÐ ÆFA Í NÝJU FRJÁLSÍPÞÓTTAÐÖLLINI

# Var meinaður aðgangur að nýju höllinni

Stangarstökkvaranum Þóreyju Eddu Elísdóttur var meinaður aðgangur að nýju frjálsíþróttahöllinni í Laugardal þegar hún hugðist æfa þar ein 27. desember sl.

Þessi helsti afreksmaður landsins í frjálsu íþróttum kom að luktum dyrum og fékk því ekki að njóta þeirrar



glæsilegu aðstöðu sem komið hefur verið upp í Laugardalnum. Þórey Edda tjáði sig um atvikið á blogg síðu sinni samdægurs og þar segir hún meðal annars að hún hafi ekki mátt fara inn í sal þar sem það væri svo kostnaðarsamt að hafa eina manneskju á

æfingu í salnum.

„Ég velti því nú fyrir mér hvað það kosti að hafa hann tóman allan daginn,“ segir Þórey á heimasíðu sinni.

Egill Eðsson, framkvæmdastjóri frjálsíþróttasambandsins, sagði við Fréttablaðið að um misskilning hefði verið að ræða sem nú hefði

verið leiðréttur. Formlegar æfingar í nýju íþróttahöllinni hefjast ekki fyrr en eftir kl. 16 á daginn en Þórey Edda hafði fengið undanþágu frá því skipulagi.


„Hún var með leyfi til að æfa þarna fyrir kl.

16 og sá sem var á vakt í húsinu þennan dag hefur

greinilega ekki vitað að hún væri með fullan aðgang að höllinni. Hún

fór því fyluferð einn daginn,“ segir Egill en þess

ber að geta að frá því að atvikið átti sér stað hefur Þórey Edda fengið fullan aðgang að höllinni.



GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON Ekki á leið til sænsku meistaranna.

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Fer ekki til Djurgården

**FÓTBOLTI** Sænska meistaraliðið Djurgården hefur ekki áhuga á Eyjamanninum Gunnar Heiðari Þorvaldssyni, að því er talsmaður félagsins, Jonas Riedel, segir. Riedel sagði við Fréttablaðið í gær að félagið hefði aldrei spurst fyrir um Gunnar Heiðar hjá Halmstad og að fréttir sænska fjölmiðla hefðu verið uppspuni frá upphafi.

„Við erum með augun á öðrum framherjum og þótt Gunnar Heiðar sé frábær leikmaður teljum við hann ekki rétta manninn fyrir okkur,“ sagði Riedel en Djurgården er við það að ganga frá samningum við brasilíska framherja. Gunnar Heiðar er sagður líklegur til að fara frá Halmstad á næstu vikum og er búist við tilboði frá þýsku úrvalsdeildarliði og ensku 1. deildarliði í hann síðar í vikunni. - vig

# Gunnlaugur verður fyrirliði

Teitur Þórðarson hefur ákveðið að taka fyrirliðabandið af Kristjáni Finnbogasyni, markmanni KR, og láta það í hendur Gunnlaugs Jónssonar.

**FÓTBOLTI** Gunnlaugur Jónsson hefur verið gerður að fyrirliða KR og tekur við bandinu af Kristjáni Finnbogasyni markmanni, sem hefur verið aðalfyrirliði liðsins frá árinu 2003.

„Mín hugmyndafræði er sú að fyrirliðinn verður að vera úti á vellinum en ekki í markinu. Þetta hefur alls ekkert með Kristján að gera og ég er mjög ánægður með hann og vona að hann haldi áfram að styðja við bakið á hópinn á sama hátt og hann hefur gert. En ég vil að fyrirliðinn sé nær því sem er að gerast úti á vellinum,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, um ákvörðunina.

„Gunnlaugur er ekki sá eini sem er mikill leiðtogi á velli heldur er Bjarnólfur Lárusson til dæmis mikill leiðtogi líka, sem og Ágúst Gylfason, en þeir eru varafyrirliðar. Þetta eru menn sem hafa áhrif á liðið úti á vellinum og það er erfitt fyrir markmann. Það vantar því alls ekki leiðtoga í þetta lið, sem er mjög mikilvægt fyrir okkur.“

Gunnlaugur kom til KR frá ÍA í haust þar sem hann var fyrirliði frá árinu 2000. „Ég er að sjálf-sögðu í skýjunum með þetta og þetta er mikill heiður fyrir mig,“ sagði Gunnlaugur við Fréttablaðið í gær.

„Þetta byggir á hugmyndafræði



GUNNLAUGUR JÓNSSON Er orðinn fyrirliði KR en hann kom til félagsins í síðastliðnum októbermánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Teits en hann tekur þessa ákvörðun eftir aðeins tveggja mánaða æfingar og hlýtur því að hafa séð eitthvað í mér. Það er draumur allra fyrirliða að lyfta bikurum og ég er þar engin undantekning. Það er ekkert launungarmál að stefna hjá KR er að vinna alla titla sem í boði eru,“ sagði Gunnlaugur sem líður mjög vel hjá sínu nýja liði.

„Mér hefur gengið mjög vel. Það var óneitanlega skrítið að

byrja að æfa á KR-vellinum en þetta hefur gengið vel og ég hlakka bara til að takast á við komandi sumar.“

Fyrsti leikur Gunnlaugs sem fyrirliði verður gegn Leikni í Reykjavíkurmótinu 21. janúar en aðeins er eitt fordæmi fyrir því að leikmaður sé fyrirliði í sínum fyrsta leik fyrir KR, þegar Birgir Sigfússon var fyrirliði í leik gegn Val á Reykjavíkurmótinu árið 1998. - hþ

## Grétar Hjartarson: Ekki til GAIS

**FÓTBOLTI** KR-ingar höfnuðu nýlega beiðni frá sænska liðinu GAIS um að fá framherjann Grétar Hjartarson til sín á reynslu í 10 daga. GAIS vann sér sæti í sænsku úrvalsdeildinni í haust og er nú í leit að leikmönnum til að styrkja hópinn fyrir átökin í efstu deild.

Eftir því sem fram kemur á heimasíðu KR fengu Svíarnir þau svör að þeir gætu fylgst með Grétari á æfingamóti á La Manga í næsta mánuði, en þar verða KR-ingar í um tvær vikur ásamt ýmsum liðum frá Norðurlöndunum. - hþ

Alexander Shamkuts:

## Látinn fara frá Stralsunder

**HANDBOLTI** Rússneski handbolta- maðurinn Alexander Shamkuts, sem lék um árábil með Haukum sem lék um góðan orðstír, mun ekki fá áframhaldandi samning við þýska 1. deildarliðið Stralsunder og mun aukinheldur ekki spila meira fyrir félagið það sem eftir lifir tímabils.

Shamkuts gekk til liðs við Stralsunder árið 2004 en að sögn þjálfarans Holger Cutter hefur línumaðurinn tröllvaxni engan veginn staðið undir væntingum og hefur hann því leikið sinn síðasta leik. - vig

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### Enska bikarkeppnin:

BURTON ALBION-MAN. UTD.	0-0
FULHAM-LEYTON ORIENT	1-2
0-1 Craig Easton (17.), 0-2 Joey Keith (44.), 1-2 Collins John (50.).	

**Heiðar Helguson** lék ekki með Fulham. SUNDERLAND-NORTHWICH VICTORIA 3-0 1-0 Neill Collins (6.), 2-0 Dean Whitehead (41.), 3-0 Anthony Le Tallec (70.).

### Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar:

HAMAR/SELFOSS-HÖTTUR	83-58
VALUR-SKALLAGRÍMUR	68-88

### Skoska bikarkeppnin:

CLYDE-CELTIC	2-1
Leikurinn var sá fyrsti sem Roy Keane leikur með Celtic og eins og úrslit leiksins gefa til kynna hafði nærvera hans allt annað en góð áhrif á liðið.	

### Ítalska úrvalsdeildin:

CHIEVO-LECCE	3-1
EMPOLI-MESSINA	1-3
SAMPDORIA-LIVORNO	0-2
SIENA-INTER	0-0

### Spænska úrvalsdeildin:

ALAVES-ZARAGOSA	0-2
CELTA VIGO-SOCIEDAD	1-0
CADIZ-GETAPE	1-0
OSASUNA-SANTANDER	1-1
MALLORCA-REAL BETIS	1-1
SEVILLA-MALAGA	3-1

### EHF-keppnin í handbolta:

PODRAVKA-HAUKAR	39-23
<b>Mörk Hauka:</b> Ragnhildur Guðmundsdóttir 7, Ramune Pekarskyte 5, Hanna G. Stefánsdóttir 4, Harpa Melsted 3, Inga Friða Tryggvadóttir 2, Guðbjörg Guðmannsdóttir 1, Martha Hermannsdóttir 1.	

# Glæný Ýsa Hrogn Lifur

Opið laugardaga 10-14



FISKBÚÐIN  
HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686



BJARNI ÓLAFUR Á leið í atvinnumennsku?

Bjarni Ólafur Eiríksson:

## Er hjá Silkeborg

**FÓTBOLTI** Valsmaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson er þessa dagana til reynslu hjá danska úrvalsdeildarfélaginu Silkeborg og verður hann hjálfiðinu í vikunni. Bjarni Ólafur er eftirsóttur af mörgum liðum á Norðurlöndunum en hann hefur meðal annars verið til reynslu hjá Odd Grenland og Vålerenga í Noregi og Midtjylland í Danmörku.

Bjarni fer út fyrir tilstilli Ólafs Kristjánssonar, fyrrverandi þjálfara Fram, sem er með góð sambönd í Danmörku. Benti hann Silkeborg á Bjarna, sem var valinn íþróttamaður Vals fyrir árið 2005.

- hph

Danska handboltalandsliðið:

## Jeppesen missir af EM

**HANDBOLTI** Danska landsliðið í handbolta hefur orðið fyrir mikilli blóðtöku þar sem ljóst er að stórskyttan Lars Krogh Jeppesen mun ekki geta tekið þátt á EM í Sviss vegna meiðsla. Jeppesen, sem leikur með Barcelona á Spáni, hefur um langt skeið verið lykilmáður hjá danska liðinu jafnt í vörn og sókn og er ljóst að með fjarveru hans veikist liðið talsvert.

Tíðindin eru hins vegar ágæt fyrir íslenska landsliðið þar sem það er með danska liðinu í riðli á EM, en áður hafði annar sterkur leikmaður, Lasse Boesen hjá Portland San Antonio, hellst úr lestinni vegna meiðsla.

- víg

Jökull Elísabetarson:

## Farinn í Víking

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Jökull I. Elísabetarson hefur gengið til liðs við Víking í Reykjavík og skrifaði hann undir eins árs samning við félagið. Þar endurnýjar hann kynnin við Magnús Gylfason, sem þjálfaði hann hjá KR á síðasta ári, en Jökull er 21 árs gamall og stundar nám í Bandaríkjunum. Hann kemur heim í maímánuði en fer aftur út í ágúst og verður því ekki með Víkingum allt sumarið.

„Ég er mjög ánægður með að fá Jökul til okkar. Hann er góður leikmaður og einmitt það sem við vorum að leita að, leikmaður sem er með reynslu úr efstu deild,“ sagði Magnús Gylfason, þjálfari Víkinga, um Jökul, sem var eftirsóttur af nokkrum liðum í efstu deild. Fylkir var eitt þeirra félaga sem vildu fá Jökul en hann var samningslaus hjá KR og fer því frítt til Víkinga.

- hph

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

6 7 8 9 10 11 12

Mánudagur

### LEIKIR

19.15 Ís og Haukar mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í Kennaraskólanum.

### SJÓNVARP

18.00 Íþróttaspjallið á Sýn.

18.12 Sportið á Sýn. Farið verður yfir íþróttaviðburði dagsins.

20.30 Ítölsku mörkin á Sýn. Mörkin úr leikjum helgarinnar.

21.00 Ensku bikarmörkin á Sýn. Mörkin úr leikjum helgarinnar.

21.30 Spænsku mörkin á Sýn. Mörkin úr leikjum helgarinnar.

Hörður Sveinsson komst ekki að þrátt fyrir að standa sig vel í Hollandi:

## Fær ekki samning hjá Waalwijk

**FÓTBOLTI** Hörður Sveinsson mun ekki ganga til liðs við hollenska félagið RKC Waalwijk en hann hefur verið til reynslu hjá félaginu að undanförunu. Á heimasíðu liðsins kemur fram að Hörður hafi staðið sig mjög vel hjá félaginu og meðal annars lagt upp mark liðsins í 2-1 tapleik gegn Zwolle auk þess sem hann spilaði með varaliði félagsins en var samt sem áður ekki boðinn samningur.

Það kom síðan á daginn eftir velgengni Harðar að tveir framherjar Waalwijk, þeir Benjamin de Ceulaer og Gianni Zuiverloon, framlengdu lánsamninga sína óvænt við liðið

**HÖRÐUR SVEINSSON**  
Hörður Sveinsson, sem er hér í leik með ungmennalandsliði Íslands, fær ekki samning hjá hollenska liðinu RKC Waalwijk.  
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



og hefur félagið því ekki not fyrir fleiri framherja að svo stöddu.

Líklegt er að Hörður reyni fyrir sér hjá fleiri liðum á næstunni en

meðal annars hefur danska liðið Silkeborg áhuga á að fá þennan 22 ára gamla Keflvíking til sín.

- hph

EHF-keppnin í handbolta:

## Haukar úr leik

**HANDBOLTI** Kvennalið Hauka er úr leik í EHF-keppninni eftir stórt tap fyrir króatíska liðinu Podravka í gær, 39-23. Þetta var annar leikur liðana í Hafnarfirði um helgina en á laugardag biðu Haukar lægri hlut, 37-24. Samanlagður ósigur Hauka náði því 29 mörkum, 76-47.

Eins og tölurnar gefa til kynna mættu Haukastúlkur einfaldlega ofjörlum sínum í leikjunum tveimur um helgina, enda Podravka atvinnumannalið fram í fingurfóma sem hefur getið sér gott orð í Evrópu á undanförunum árum fyrir góðan árangur. Ragnhildur Guðmundsdóttir var markahæst Haukastúlkna í gær með sjö mörk.

- víg

# VISA húsið

## Laugavegi 77



## Við erum flutt

Opnum í VISA húsinu Laugavegi 77, mánudaginn 9. janúar 2006

### Gleðilegt ár Starfsfólk VISA

VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf. VISA húsinu, Laugavegi 77 101 Reykjavík sími 525 2000 www.visa.is



## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Grey's Anatomy

Stöð 2 kl. 20.00

### Læknarómantikinn lifir enn

Í kvöld hefur göngu sína á Stöð 2 önnur þáttaröð þessa skemmtilega spítaláþátar sem hefur verið sagður sameina það besta úr Ally McBeal, E.R., Desperate Housewives og Friends – hvorki meira né minna. Við höldum áfram að fylgjast með ástum og örlögum læknemans Meredith Grey sem átti á sínu fyrsta ári sem lærlingur í skurðlækningum á Grace Hospital í Seattle í ástarævintýri með ungum og virtum skurðlækni, Derek Shepherd. En hún er nýbúin að komast að því að dr. Shepherd er giftur maður og þarf nú að láta það áfall ekki hafa áhrif á starf sitt. Þátturinn hefur hlotið mikið lof sjónvarpsrýna þarlendra og þess má líka geta að þátturinn er tilnefndur til þriggja Golden Globe-verðlauna; sem besti dramabátturinn og þau Patrick Dempsey og Sandra Oh (Sideways) sem bestu leikarar í aðal- og aukahlutverkum.

*Grey's Anatomy er vinsælasti nýi þátturinn í Bandaríkjunum nú um mundir og aðeins Desperate Housewives nýtur meiri vinsælda meðal kvenna þar í landi.*



▶ 20.10  
Spjall

SILFUR EGILS



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttaviðtal. 13.00 Íþróttir/lífs-

still í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. 14.00 Hrafnabing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir

**20.00 Fréttir**

▶ 20.10 Silfur Egils

**21.00 Fréttir**

21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttabáttur sem vitnað er í.

**22.00 Fréttir**

22.30 Hrafnabing/Miklabraut Hrafnabing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnabing/Miklabraut

**ERLENDAR STÖÐVAR**

**EUROSPORT**

12.00 Ski Jumping: World Cup Oberstdorf 13.00 Ski Jumping: World Cup Garmisch Partenkirchen 14.00 Biathlon: World Cup Oberhof Germany 14.30 Biathlon: World Cup Oberhof Germany 15.00 Football: Football World Cup Season Magazine 15.30 Football: Football World Cup Season Legends 16.30 Football: Eurogoals 17.00 Football: Friendly Tournament Efes Cup 18.00 Football: Friendly Tournament Efes Cup 20.00 Darts: World Championship Lakeside United Kingdom 21.30 Rally: Rally Raid Dakar 22.00 Football: Eurogoals 22.30 All sports: WATTS 23.00 Olympic Games: Mission to Torino 23.30 Olympic Games: Olympic Torch Relay 23.45 All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006

**BBC PRIME**

12.00 Porridge 12.30 Butterflies 13.00 Monarch of the Glen 14.00 Balamory 14.20 Andy Pandy 14.25 Tweenies 14.45 Fimbles 15.05 Captain Abercromby 15.20 The Make Shift 15.35 Intergalactic Kitchen 16.00 Cash in the Attic 16.30 Ready Steady Cook 17.15 The Weakest Link 18.00 Doctors 18.30 EastEnders 19.00 No Going Back: a Year in France 19.30 A Place in France 20.00 Daziel and Pascoe 21.30 Red Dwarf 22.00 Days that Shook the World 22.50 Casualty 23.40 Radical Highs 0.00 The Human Mind 1.00 Hidden Treasure 1.30 Hidden Treasure 2.00 The Mark Steel Lectures

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

12.00 Seconds from Disaster 13.00 Hunter Hunted 14.00 Megastructures 15.00 Megastructures 16.00 When Expeditions Go Wrong 17.00 Seconds from Disaster 18.00 Storm Stories 18.30 Storm Stories 19.00 Capturing the Killer Croc 20.00 Megastructures 21.00 Megastructures 22.00 Megastructures 23.00 Seconds From Disaster 0.00 Megastructures 1.00 When Expeditions Go Wrong

**ANIMAL PLANET**

12.00 Amazing Animal Videos 12.30 Monkey Business 13.00 Big Cat Diary 13.30 The Snake Buster 14.00 Britain's Worst Pet 14.30 Animal Planet at the Movies 15.00 Animal Precinct 16.00 Pet Rescue 16.30 Wildlife SOS 17.00 Amazing Animal Videos 17.30 The Planet's Funniest Animals 18.00 The Snake Buster 18.30 Monkey Business 19.00 Weird Nature 19.30 Big Cat Diary 20.00 The Life of Birds 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Weird Nature 22.30 Monkey Business 23.00 Emergency Vets 23.30 Hi-Tech Vets 0.00 Pet Rescue 0.30 Wildlife SOS 1.00 The Life of Birds 2.00 The Snake Buster

**JETIX**

12.20 Braceface 12.45 So Little Time 13.10 Lizzie McGuire 13.35 Black Hole High 14.00 Goosebumps 14.25 Spiderran 14.50 Super Robot Monkey Team 15.15 Martin Mystery 15.40 Totally Spies 16.05 W.i.t.c.h 16.30 Sonic X

**TALSTÖÐIN FM 90,9**

6.58 Ísland í bitíð. Samsent með Stöð 2 9.10 Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið 13.05 Bílabátturinn e. 14.10 Hrafnabing 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökullsson.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.30 Allt og sumt 21.30 Á kassanum e 22.00 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

0.20 Hrafnabing Ingva Hrafn e.

**BYLGGJAN FM 98,9**

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

**RÁS 1 FM 92,4/93,5**

7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Í deiglu 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Alþjóðavæðingin á Íslandi 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvámál 21.00 Við verðum smáborgarar fyrir en varir 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Úr tónlistarlífinu

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**ÚTVARP SAGA FM 99,4**

8.00 Arnþróður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfssdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson 15.00 Hildur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþróður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfssdóttir 23.00 Kjartan G.

Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfssdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþróður Karlsdóttir

**RÁS 2 FM 90,1/99,9**

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 20.30 Konsert 22.10 Popp og ról

**AÐRAR STÖÐVAR**

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

## SÝNINGAR HEFJAST Í KVÖLD

# BESTI DRAMABÁTTURINN Í BANDARÍKJUNUM

Snýr aftur í kvöld kl. 20:00



GOTT FOLK MCCANN



HRÓSIÐ

...fær leikarinn Forest Whitaker, sem samþykkt hefur að koma fram einnig fram í næstu mynd Baltasar Kormáks en þar verður hann í svokölluðu „cameo“-hlutverki.

SÉRFRÆÐINGURINN GUÐJÓN BERGMANN VAR TÓBAKSPRÆLL TIL TÓLF ÁRA



Vaninn er erfiðasta glíman

Jógakennarinn Guðjón Bergmann var þræll tóbaksins heil tólf ár ævi sinnar, allt þar til hann tók ákvörðun um að losna undan fíkninni fyrir átta árum. Aðferðin sem hann notaði gafst svo vel að hálfu ári síðar hann var farinn að hjálpa öðrum að losna við sigarettur til frambúðar og það námskeið stendur enn, enda frægt fyrir góðan árangur.

„Grunnurinn að námskeiðinu er alltaf sá sami og byggir á þeirri einföldu staðreynd að breyti fólk ekki hugarfari sínu breytist ekki neitt. Menn geta endalaust reynt að hætta en sé hugurinn alltaf sá sami; að það sé æðislegt að reykja, verður árangurinn takmarkaður eða enginn,“ segir Guðjón, sem á heilgarnámskeiðum sem kosta jafnmikið og það kostar að reykja pakka á dag í heilan mánuð miðlar boðskap sínum um breytt hugarfar til þeirra sem vilja segja skilið við tóbakspúkann.

„Mörgum reynist erfitt að hætta vegna þess að þeir kunna ekki að breyta hugarfari sínu. Þeir kunna að breyta um hárgreiðslu, fót, bíl og maka, en þegar allt kemur til alls reynist breytt hugarfar mun auðveldara verkefni en fólk

heldur. Menn verða bara að stíga upp út eigin drullupolli til að sjá vandamálið raunsæjum augum,“ segir Guðjón og bætir við að algengasti misskilningur reykingafólks sé að nikótínið stjórni hugarfari þess og eyðileggi vonir þess og árangur.

„Nikótín veldur vissulega tóbaksfíkn en það tekur ekki líkamann nema eina til tvær vikur að losa sig alveg við eitrið. Eftir það glímur fólk eingöngu við vanann og þar kemur breytt hugarfar eitt að gagni. Hægt er að minnka fráhrarfseinkenni með jákvæðu hugarfari, en einnig má magna þau upp með neikvæðum fómáralambshugsunarhætti. Því er leikur einn að hætta að reykja en margir vilja halda fast í vanann og vex það í augum að breyta vanbundinni daglegri hegðan sinni,“ segir Guðjón, sem byrjar hvert námskeið á því að kanna forsendur reykningamanns fyrir komu hans á námskeiðið.

„Ég reyni aldrei að þvinga aðferðum mínum upp á aðra en sé fólk tilbúið að þvinga aðferðum mínum upp á aðra en sé fólk tilbúið að taka leiðsögn og breytingum er það komið á réttan stað. Komi það hins vegar vegna þess að

aðrir sendu það er voðinn vís, því maður hættir aldrei að reykja fyrir aðra. Því er betra að vera hreinskilinn strax og halda áfram reykningunum í stað þess að festast í vefjum lyga, svika og pirrings,“ segir Guðjón sem veitir skjólstaðingum sínum mikla eftirfylgni í formi geisladisks, bókar, minnisþjalda, spjallsíðu og símafunda.

„Þeir sem vilja reyklaust líf fá ákveðnar aðferðir til að vinna úr, en hugarfarið er enn og aftur lykilatriðið í þessu öllu. Allt annað getur vissulega hjálpað en rétta hugarfarið verður að vera til staðar. Ef það er ekki virkar ekkert annað. En sé það til staðar þarf ekki annað til.“



Lotto advertisement for 7.1.2006. Shows winning numbers 6, 9, 10, 21, 27 and bonus number 29. Jökertölur vikunnar are 5, 7, 5, 7, 7.

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Lotto advertisement for 4.1.2006. Shows winning numbers 17, 19, 22, 38, 41, 44 and bonus number 12. Jökertölur vikunnar are 4, 2, 2, 5, 2.

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

GUÐNI GUNNARSSON: KENNIR OFURMENNINU AÐ TAKAST Á VIÐ FRÆGÐINA

Ekki meðvitað um eigin þankagang

Guðni Gunnarsson er nýkominn í heimsókn til föðurlandsins en hann býr í Kaliforníu þar sem hann kennir íbúum ríkisins Rope Yoga. Nýverið kom út bókinn Líf-sýn - verkefnabók á íslensku en þrjú ár eru síðan hún birtist á ensku. Það er Rannveig Karlsdóttir sem snaraði henni yfir á hið ylhýra en bókinn fjallar um hvernig menn koma sér í ógöngur andlega og ekki síður hvernig þeir geti tekist á við þær.

Guðni var staddur í Kópavoginum þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Eins og sönnum Íslendingi sæmir byrjaði hann á að tala um veðrið sem var óvenju slæmt þenna dag, en sneri sér síðan fljótlega að bókinni. „Við erum óheiðarleg, ljúgum, svikjum og prettum en furdum okkur á að við sofum lítið,“ segir Guðni. „Síðan erum við í sífellu skítkasti út í okkur sjálf og skiljum ekkert í því af hverju það verður enginn bati,“ bætir hann við. „Þegar við erum orðin svona ótrúverðug líður okkur eins og við séum óverðug,“ segir Guðni. Hann segir að bókinn gangi út á að vekja fólk til vitundar. „Við þurfum að átta okkur á því hvar við erum stödd,“ segir hann. „Fólk er nefnilega ekki meðvitað um sinn eigin þankagang,“ útskýrir Guðni og bendir enn fremur á að það sé ekki hægt að vera hamingjusamur án tilgangs. Rope yoga Guðna hefur vakið mikla athygli þar vestan hafs og



GUÐNI GUNNARSSON Er kominn til landsins í smá heimsókn til að kynna bókina sína Líf-sýn - verkefnabók sem loksins er komin út á íslensku.

hafa stórstjörnur á borð við Kim Basinger verið í æfingum hjá Guðna en þegar leikkonan vildi koma sér í form fyrir kvikmyndina 8 Mile leitaði hún til hans. Nú síðast var Guðni með nýjasta Ofurmennið, Brandon Routh, hjá sér sem og framleiðanda myndarinnar, Superman Returns.

„Hann sagði að Brandon væri 25 ára gamall, algjörlega óþekktur drengur sem þyrfti að búa sig undir þá frægd og velgengi sem væri á næsta leyti,“ segir Guðni. „Hann þyrfti því að læra sitthvað til þess að geta tekist á við hana,“ bætir hann við. Guðni hafi því aðstoðað leikarann og búið undir

þá miklu rússíbanareid sem fram undan væri.

Guðni sagðist hafa ætlað að gefa Íslendingum bókina í nýársgjöf en hann komst fljótlega í raun um að landar hans væru sofandi á þessum tíma ársins. „Þeir eru aðeins að taka við sér núna.“ freyrgiga@frettabladid.is

DV advertisement featuring Arnar Frúin. Text includes 'Árni í leyfi Frúin rúmföst í mánuð og á fljótandi fæði' and 'þeirir þegar aðrir þegja!'.

Björk og Baltasar vinsæl í Póllandi

Pólverjar eru stærsti einstaki innflytjendahópurinn á Íslandi, en um 2000 manns af pólskum uppruna búa hér að jafnaði. Því er ekki að undra að þörf sé á pólsk-íslensku orðabók, en þriðja prentun af slíkri er nú að koma í búið. Höfundur hennar er Stanislaw Bartoszek, Pólverji sem búið hefur í átján ár á Íslandi.

„Ég kom hingað til að læra íslensku, þar sem ég er málfræðingur að mennt með meistaragráðu í norsku og langaði til að bæta íslenskunni við mig. Þetta hefur svo orðið aðeins lengri dvöl en ég ætlaði mér í fyrstu. Ég skrifaði bókina Icelandic for Beginners og það voru alltaf nóg verkefni hér að fást við.“ Fjölskylda Stanislaw fylgdi honum til Íslands og börnin fóru í skóla hér. Stanislaw starfar nú sem verkefnastjóri hjá Visa Ísland.

„Ég fór í Tölvuháskólann og lærði kerfisfræði fyrir ellefu árum síðan og fór í framhaldi að vinna hjá Visa.“

Orðabókina er fánleg í Bóksölu stúdenta, en er gefin út af Háskólaútgáfunni í Poznan. Um helmingur bókana selst hér en hinn helmingurinn í Póllandi. En hver er ástæðan fyrir þessum áhuga fólks þar í landi á að læra íslensku?



STANISLAW BARTOSZEK er höfundur orðabókarinnar.

spennandi. Einnig er íslensk tónlist vinsæl í Póllandi, þá fyrst og fremst Björk en fólk hefur einnig fengið áhuga á öðrum tónlistarmönnum í kjölfarið. Myndin 101 Reykjavík var líka sýnd í bíó og svo í sjónvarpi, svo margir sáu hana. Einnig eiga þeir sem vinna herna fjölskyldur í Póllandi og ættingjar þeirra fá áhuga á landinu í gegnum þá. Margir Pólverjar koma svo til Íslands sem ferðamenn og ekki bara til að vinna.“

Enn er þó eitt ótalið sem tengir Íslendinga og Pólverja en það er þjóðarréttur Íslendinga, súkkulaðið Prins Póló, sem er framleitt í Póllandi.

„Prins Póló er selt í sömu umbúðum þar og hér, svo að innihaldslýsingarnar þar eru líka á íslensku. En það var erfitt að finna Prins Póló í Póllandi þegar ég var krakki, svo það virðist sem það hafi fyrst og fremst verið framleitt fyrir Ísland.“



# Vetrarönnin hefst 16. janúar!

Vertu með frá byrjun. Kennarar eru þaulreyndir dansarar og danshöfundar!  
Yfirumsjón DWC - Nanna Ósk Jónsdóttir



**Jazzfunk | Streetstyle | Hip Hop | Freestyle | Modernfunk | Barnadansar | Sérstakt dansfjör fyrir 20 ára og eldri**

Aldursflokkar: 4-6 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 og 20 ára og eldri



**Kraftmiklir tímar við nýjstu danstónlistina. Upplifðu dansgleðina. Glæsileg sýning í lokin!**



**HENSON**

Skráning er hafin í síma

**553 0000**

Sjá stundaskrá á  
[www.worldclass.is](http://www.worldclass.is)

Dansstúdíó

**WorldClass**<sup>®</sup>  
**ICELAND**

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



**BAKÞANKAR**

PRÁINS BERTELSSONAR

## Hinn íslenski fagurgali

Í þessu besta landi af öllum lögulegum löndum eigum við merkilega fuglategund sem við nefnum stjórnámamenn. Stjórnámamennirnir okkar búa við stöðugleika og starfsöryggi og þurfa hvorki að óttast að neinir atburðir hafi áhrif á framtíð þeirra og sjálfkrafa endurkjör, þangað til þeir sjálfir fá leið á tilbreytingarleysinu og fá sendiherrastöðu í útlöndum til að geta skoðað sig um, eða fara í Seðlabankann og fá þar svigrúm til tómsundaiðkana meðan þar til gerðir nagfræðingar naga fyrir þá blýantana. Auk þess hafa þeir komið sér upp sjálfvirkum launahækkunardómstól sem neyðir upp á þá meiri launahækkunum en þeir sjálfir kæra sig um.

**BRETAR** mættu margt af okkur læra. Fengsælasti foringi Frjálslynda flokksins þar í landi sl. 80 ár, Charles Kennedy, var rekinn í síðustu viku eftir að hafa farið í áfengismedferð og ekki bragðað dropa í tvo mánuði. Ástæðan var sú að samflokksmenn hans sögðust ekki merkja hjá honum lengur þann eldmód og hugmyndaauði sem gerðu hann að flokksleiðtoga á sínum tíma. Þetta þætti ekki góð latína hér á landi þar sem skemmtanalíf stjórnámamanna heyrir undir þeirra einkamál, og eldmóður og hugmyndaauði þykir bera vott um alvöruleysi og skort á andlegum stöðugleika.

**TIL** að tryggja áframhaldandi stöðugleika eru íslenskir stjórnámamenn ræktaðir í sérstökum fuglabúum sem nefnast stjórnámálflokkar. Þar skyggna flokksformenn eggja og leggja þau sem þeim líst best á í sérstakar útungunarvælar, en markmiðið með ræktuninni er ekki að rækta öflugar varphænur heldur raddsterka fagurgala sem aukinheldur eru gæddir ofurgreind þeirra páfagauka sem kunna að halda uppi notalegum samræðum við eigendur sína.

**ALLT** er þetta gleðilegt fyrir okkur sem höfum komið upp þessum sérkennilega fuglastofni sem sjálf-sagt er að halda áfram að rækta og vernda hér eftir sem hingað til. En skemmtilegt væri þó á nýbyrjuðu ári ef íslenskt hugvit dygði til þess að temja þennan séríslenska og alfríðaða fiðurfénað og hafa af honum einhverjar nytjar aðrar en þær að hlusta á fagurgalann.



## NISSAN PATROL



SKIPT\_ um væntingar



# 2006

## LENGI MÁ GOTT BÆTA

Nissan Patrol hefur löngu sannað sig sem einhver traustasti fjallajeppi sem völ er á. Hann tekur líka stöðugum framförum og fæst nú með 35" og 37" breytingu frá Arctic Trucks.

Tegund	Verð
Patrol <b>Luxury</b> beinskiptur	3.990.000,-
Patrol <b>Luxury</b> sjálfskiptur	4.090.000,-
Patrol <b>Elegance</b> beinskiptur	4.390.000,-
Patrol <b>Elegance</b> sjálfskiptur	4.490.000,-

**Nýárstilboð – 250.000,- kaupauki**

33" dekk, stigbretti og dráttarbeisli að verðmæti 250.000 krónur.




Veidikortið 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbum í kaupbæti!

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



Skráning á heimasíðu skólans  
4. - 17. janúar

## FJARNÁM ÖFLUGT OG ÓDÝRT

VERZLUNARSKÓLI ISLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS